



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi
grunnskólans?**

Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í náms- og kennslufræði
Leiðbeinendur: Helga Rut Guðmundsdóttir og Michael Dal

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans?
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Ritgerð þessi er 40 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við
kennaradeild, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

© 2014 Sigurlína Jónsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent, ehf.

Reykjavík, 2014

Formáli

Tónlist og tónlistaruppeldi hefur verið eitt af mínum hjartans málum frá unga aldri sem tónlistarnemanda, kennara í tónlistarskóla, grunnskóla og háskóla. Þess vegna langar mig að skoða tónlistarumhverfi grunnskólabarna með það fyrir augum að búa til námsefni sem stuðli að tónlistarupplifun í samþættu námi á yngsta stigi grunnskólans. Fjallað verður um stöðu tónlistar í skólum í dag. Skoðað verður hvaða námsgögn eru í notkun og hvort þau taka mið af einstaklingamun nemenda og þörfum og væntingum hvers og eins til að tileinka sér tónlist hvort heldur með tónlistarframa í huga eða sér til lífsfyllingar. Nýlegar rannsóknir hafa bent til þess að tónlist í skólastofunni auki hjálpsemi og samvinnu nemenda við að leysa verkefni og auki ánægju þeirra af skólastarfinu og fleiri finni sig þar á heimavelli, t.d. nýbúar og þeir sem eiga við tilfinninga- eða námserfiðleika að etja.

Þetta er kveikjan að þessu 40 eininga lokaverkefni mínu til meistaraþrófs í náms- og kennslufræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem útbúið verður tónlistarnámsefni til samþættingar „Komdu og skoðaðu” bókunum á grunni Byrjendalæsis.

Leiðbeinendum mínum þeim Helgu Rut Guðmundsdóttur og Michael Dal þakka ég samstarfið, hvatningu, stuðning og ómetanlega aðstoð og gagnlegar ábendingar sem komu mér á flug. Námsefnisgerðin fór fram á vorönn 2014 í framhaldi af forvinnu á haustönn 2013.

Ágrip

Margt bendir til þess að tónmenntakennslan standi nú á krossgötum eins og hún gerði fyrir u.þ.b. 40 árum þegar söngkennsluformið var víkkað út í tónmenntakennslu. Þá kom upp krafa um breytta og fjölbreyttari kennsluhætti og meiri áhersla lögð á hlustun og umfjöllum um grunnþætti tónlistarinnar. Rannsóknir nú sýna góð áhrif tónlistar á náms- og félagsþroska og æskilegt sé að samþætta tónlist öðru námi.

Með nýju aðalnámskránni, 2011 eru boðaðir breyttir kennsluhættir, brotthvarf frá greinamiðaðri kennslu og ósveigjanlegum 40 mínútna kennslustundum og áhersla lögð á að nemendur þroski félagsfærni sína í samskiptum við skólafélagana.

Leiðir til að efla tónmenntafræðsluna kalla á nýja starfshætti þar sem að tónlistin er rauði þráðurinn í öllu skólastarfi á yngsta stigi grunnskólans, nokkurs konar kennsluaðferð. Tónmenntakennarar vinna þá að samþættingu tónlistarinnar við aðrar námsgreinar með umsjónar-, verk- og listgreinakennurum. Námsfnið þarf að fela í sér ákveðinn sveigjanleika þannig að það sé bæði krefjandi og einstaklingsmiðað og gefi nemendum færi á fjölbreyttri skapandi vinnu einslega eða í hóp.

Í námsefninu sem hér er kynnt er tónlistin samþætt *Komdu og skoðaðu* bókunum í náttúru- og samfélagsfræði og lestrarkennsluaðferðinni „Byrjendalæsi“, með sönglögum, hlustunarefni, hugtökum og viðfangsefnum til að aðstoða umsjónarkennara við að samþætta og einstaklingsmiða tónlistina þeirri vinnu sem fram fer inni í bekknum. Rennt hefur verið undir það stoðum að gott tónlistaruppeldi geti haft jákvæð áhrif á frammistöðu í öðru námi og bætt skólabrag. Samþætting gefur svigrúm til meiri einstaklingsmiðunar og fjölbreyttari kennsluaðferða bæði einstaklingslega og í misstórum hópum.

Við gerð þessa námsefnisins var m.a. leitað í smiðju fjölgreindakenningar Gardners og haft hliðsjón af námsskrárlíkani Akkers svo og einstaklingsmiðun Tomlinson og samvinnunámsins “kann, vil læra, lærði, hvernig lært” (KVL). Við námsefnisgerðina var leitað umsagna og ábendinga tveggja reyndra kennara á yngsta stigi og skólastjórnanda sem skoðuðu efnið. Þeir eru ekki tónlistarmenntaðir en komu með gagnlegar ábendingar þannig að efnið nýtist öllum umsjónarkennurum burt séð hvort þeir njóta aðstoðar tónmenntakennara eða ekki.

Abstract

Evidence points to the fact that the current status in music education in the primary schools may be at a similar juncture as it was around 40 years ago when music education was simply called “singing” and with the widening of the curriculum was re-named “Music Education.” Up until that point music education had been confined to singing. Then demands were made for more comprehensive music teaching methods with increased emphasis being placed on listening to music and the basic along with teaching the general aspects of music. New research seems to indicate that more integration of music with core subjects is required. With the advent of the new curriculum, 2011, new teaching methods are ushered, with a distancing from traditional subject orientated methods and strict 40-minute lessons along with increasing emphasis on social interaction. In order to encourage a higher standard of music education it is necessary to adopt new teaching methods, where music becomes a central core to all subjects. Music teachers work in cooperation with class teachers, project managers and art teachers to integrate their teaching methods. Teaching materials need to be flexible enough to provide challenges for individualised teaching while also encouraging creative group activity.

This project integrates music with the previously published material *Komdu og skoðaðu* (Come and See), which emphasizes social and natural studies, as well as the reading method “*Byrjendalæsi*.” Musical examples and songs have been carefully chosen along with teaching materials and projects that will assist the classroom teacher in integrating musical studies into his teaching. It is our firm belief that quality music education improves performance in general and encourages a positive learning environment. Integration gives more scope for both individualised teaching and diversified teaching methods both for individuals and in groups.

In the composition of this material Gardner’s Theory of Multiple Intelligences has been a source of inspiration, as well as Akker’s Curriculum Design and Implementation, Tomlinson’s Differentiation Classroom Instruction, and the KWL chart (already know, want to know, and ultimately learn). The production of this material was monitored and assessed by two experienced class teachers at elementary level and an administrator, none of who were specifically educated in music. They reviewed the material and offered positive and useful comments which have helped make it as effective as possible for the classroom teacher, regardless of whether he has the assistance of a class music teacher or not.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 3 |
| Ágrip | 5 |
| Abstract | 6 |
| Efnisyfirlit | 7 |
| Myndaskrá | 9 |
| 1 Inngangur | 11 |
| 1.1 Uppbygging ritgerðar | 12 |
| 1.2 Tenging verkefnisins við nýja aðalnámskrá | 13 |
| 1.3 Tónlist jákvætt afl í grunnskólanum | 16 |
| 1.4 Saga og snertifletir tónlistar í daglegu lífi | 18 |
| 1.5 Hvað er gert í dag? | 19 |
| 1.6 Tónlistarnámsefni til notkunar í samþættingu við aðrar námsgreinar | 19 |
| 1.6.1 Flokkun tónlistarnámsgagna | 20 |
| 1.6.2 Hlutverk útgefinna tónlistarnámsgagna | 22 |
| 1.7 Samþætting tónlistar í almennu námi | 23 |
| 2 Áhrif tónlistar á aðrar námsgreinar | 27 |
| 2.1 Tónlist sem kennsluáðferð | 27 |
| 2.2 Tónlist sem verkfæri til að virkja nemendur | 28 |
| 2.3 Gildi tónlistar í kennslufræðilegu samhengi | 30 |
| 2.4 Hvað þarf góð skólanámskrá að innihalda | 31 |
| 2.5 Líkan Akkers | 32 |
| 2.6 Hvað liggur til grundvallar góðu tónlistarnámsefni | 39 |
| 2.7 Samþætting og einstaklingsmiðun | 39 |
| 2.8 Mikilvægi samstarfs grunnskóla, tónlistarskóla og nærssamfélagsins | 41 |
| 2.9 Starfskenning og hlutverk tónlistar- og umsjónarkennara | 42 |

| | | |
|------|---|----|
| 2.10 | Samþætt kennsluefni við „Komdu og skoðaðu” bækurnar á grunni „Byrjendalæsis” þar sem tónlistin er rauði þráðurinn | 43 |
| 3 | Helstu kenningar og kennsluaðferðir í tónlistarkennslu barna | 47 |
| 4 | Viðtöl við tvo umsjónarkennara á yngsta stigi og skólastjórnanda um námsefnið, viðhorf og ábendingar | 57 |
| 4.1 | Aðferðafræði..... | 57 |
| 4.2 | Rannsóknarsnið | 57 |
| 4.3 | Siðferðileg álitamál | 57 |
| 4.4 | Um val á viðmælendum og viðtöl | 58 |
| 4.5 | Viðtölin..... | 58 |
| 5 | Umræður | 60 |
| 6 | Lokaorð | 63 |
| | Heimildaskrá | 63 |

Myndaskrá

| | |
|---|----|
| Mynd 1. KVL Kann, vil læra, lærði, hvernig lært..... | 30 |
| Mynd 2. Líkan Akker, köngulóarvefurinn..... | 38 |
| Mynd 3. Þrjú stig samþættingar..... | 40 |
| Mynd 4. Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í anda Carol Ann Tomlinson... | 41 |

1 Inngangur

Tónlist og tónlistaruppeldi hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og tónlistin verið í hávegum höfð frá árdögum skólastarfs. Í Grikklandi hinu forna var menntun skipt í þrjár greinar, málfræði (lestur og skrift), tónlist og leikfimi, allar jafngildar. Síðar urðu greinarnar sjö: málfræði, ræðulist, heimspeki, tölfræði, rúmfræði, tónlist og stjörnufræði (Lundy, 2010). Margt bendir til þess að tónmenntakennslan á Íslandi standi nú á krossgötum eins og hún gerði fyrir u.þ.b. 40 árum þegar söngkennsluformið var víkkað út í tónmenntakennslu. Þá kom upp krafa um breytta og fjölbreyttari kennsluhætti og meiri áhersla lögð á hlustun og umfjöllum um grunnþætti tónlistarinnar. Í kjölfarið var gefið út töluvert af námsefni hjá Námsgagnastofnun sem enn er notað nær fjórum áratugum síðar lítið breytt, en samkvæmt rannsókn Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013) eru fáir tónmenntakennarar sem nota það þótt í því leynist margt gott. Síðan hefur öðru hvoru verið gefið úr tónlistarefni af ýmsum toga fyrir öll námstigin og gamalt efni verið endurnýjað.

Nú er aukin áhersla með nýju námskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) á að samþætta í auknum mæli námsgreinarnar og kallar það á breyttar kennsluaðferðir, námsgögn og því áriðandi að skoða leiðir til samþættingar tónlistarinnar við aðrar námsgreinar og hvaða tækifæri felist í henni og hvað standi helst í veginum fyrir samþættingu og hvað sé þá til ráða. Í dag virðist tónlistarfræðsla eiga erfitt uppdráttar í mörgum íslenskum skólum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008), sem er áhyggjuefni. Á sama tíma hefur greinin þó vaxið innan grunnskólans og má því leiða að því getum að það sé frekar skortur á menntuðum tónmenntakennurum en lítið álit skólastjórnenda á greininni sem sé þess valdandi að skorin sé niður tónlistarkennsla.

Leiðir til að efla tónmenntafræðsluna gætu falist í nýjum starfsháttum þar sem að tónlistin sé rauði þráðurinn í öllu skólastarfi á yngsta stigi grunnskólans, nokkurs konar kennsluaðferð. Tónmenntakennarinn vinni þá að samþættingu tónlistarinnar við aðrar námsgreinar með umsjónar-, verk- og listgreinakennurum og slái um leið á einangrun sína í starfi sem samkvæmt könnun Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013) er einn þátturinn sem veldur tónmenntakennurum áhyggjum í starfi auk hópastærðar og tækjakosts. Það ætti að gera tónmenntakennarastarfið sýnilegra og eftirsóknarverðara í framtíðinni ef hægt yrði að ráða fleiri en einn

tónmenntakennara til starfa þar sem margir þeirra hafa réttindi til að kenna fleiri námsgreinar og mikilvægt að þróa nýja kennsluhætti í tónmennt með ákveðnari stefnumörkun í námsgreininni til þess að sporna við stöðnun (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013).

Hugmyndin að námsefni þessu kviknaði á starfsvettvangi höfundar í grunnskóla þar sem ekki hefur fengist tónmenntakennari til starfa. Reynsla höfundar af tónlistarkennslu hefur nýst henni í bekkjarstarfi. Það beindi huganum að því hvernig væri hægt að koma öðrum kennurum, sem ekki hafa tónlistarþekkingu, til hjálpar við að samþætta tónlist hjálparlaust við aðrar námsgreinar. Náms efnið á þannig að geta nýst umsjónarkennurum hvort heldur þeir njóti aðstoðar tónmenntakennara eða þurfa að standa á eigin fótum.

Margir grunnskólar á Íslandi kenna nú eftir lestrarkennsluaðferð „Byrjendalæsis“ og víða er notað náttúru- og samfélagsfræðiefnið *Komdu og skoðaðu bæknar*. Höfundur hefur undanfarin ár unnið eftir lestrarkennsluaðferð „Byrjendalæsis“ og fléttað lestrarnámið saman við fjölbreytt efni *Komdu og skoðaðu* bókanna ásamt því að samflétta það tónlist með jákvæðum árangri.

Markmiðið með þessu verkefni var því að halda áfram að búa til námsefni þar sem söngur, hlustun og tónlistarviðfangsefni fléttaðist saman við allar námsgreinar á yngsta stigi grunnskólans á þann hátt að tónlistin væri rauði þráðurinn í öllu námi eða einskonar verkfæri eða námsaðferð. Litið var þá til samþættingar tónlistarinnar við efni *Komdu og skoðaðu* bókanna í náttúru- og samfélagsfræði og lestrarkennsluaðferðarinnar „Byrjendalæsis“, þar sem unnið væri með gæðatexta t.d. *Komdu og skoðaðu* bókanna á fjölbreyttan hátt. Auk þess fléttaðist, mynd-, handmennt, heimilisfræði og íþróttir inn í skapandi viðfangsefni. Leitað var umsagnar og ábendinga tveggja umsjónarkennara og eins skólastjórnanda sem ekki höfðu tónlistarbakgrunn með það fyrir augum að gera efnið sem notendavænast fyrir kennara sem ekki hefðu þann bakgrunn né kost á samstarfi við tónmenntakennara.

1.1 Uppbygging ritgerðar

Þessi ritgerð skiptist í sex kafla sem afmarka hvern hluta verkefnisins. Fyrsti kafliinn fjallar um sögu og stöðu tónlistarmenntunar og námsefnis á Íslandi. Einnig eru þar kynntar áhugaverðar rannsókir sem gerðar hafa verið nýlega hérlendis og erlendis og styðja við þær hugmyndir að tónlistin eigi að vera rauður þráður í öllu námi á yngsta stigi grunnskólans. Í öðrum kafla er fjallað um áhrif tónlistar, bæði á aðrar námsgreinar og sem hvata eða verkfæri til

að virkja nemendur til þátttöku, sköpunar og tjáningar. Einnig er þar fjallað um gildi tónlistar í kennslufræðilegu samhengi og um tónlist sem kennsluaðferð og hvernig slík nálgun samrýmist hugmyndum fræðimanna um kennslufræði, námskrár og kennsluaðferðir. Þriðji kaflinn segir frá helstu kenningum og kennsluaðferðum sem hafa verið notaðar á Íslandi í tónmennta- og tónlistarkennslu. Fjórti kaflinn fjallar um val viðmælenda og áhrif þeirra á námsefnisgerðina. Fimmti og sjötti kaflinn hafa að geyma umræður um lokaniðurstöðurnar í gerð námsefnisins og vangaveltur um hvernig því verði best komið á framfæri þannig að það gagnist sem flestum.

1.2 Tenging verkefnisins við nýja aðalnámskrá

Menntastefnan sem birtist í nýju aðalnámskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) byggir á sex grunnþáttum eða stöðum sem eiga rætur að rekja í löggjöf námsstiganna þriggja (leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla). Auk þess er horft til löggjafar, ákvæða og stefnu stjórnvalda og alþjóðlegra samþykka í ýmsum velferðarmálum s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Grunnþættirnir skulu fléttast inn í allt skólastarf á heildstæðan hátt. Þeir skulu endurspegla fagmannleg vinnubrögð og oft óhefðbundna þverfaglega kennsluhætti og skapa víðsýnan og jákvæðan skólabrag. Í öllu skólastarfi skarast námsþættirnir sex (læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun) og eru samofnir og háðir hver öðrum. Þeir mynda eina heild sem stuðla að því að nemendur efli jákvæða sjálfsmynd sína, heilbrigði og séu læsir á þarfir sínar og umhverfisins og þess umkomnir að vera virkir í að móta framtíðarsamfélagið til betri vegar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 14-23).

Það er augljóst að með nýju aðalnámskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) eru boðaðir breyttir kennsluhættir, brotthvarf frá greinamiðaðri kennslu og ósveigjanlegum 40 mínútna kennslustundum. Einnig er ljóst að hún er samfélagsmiðuð og henni er ætlað að vera samfélagsbætandi og skólunum ætlað að ala upp, í samstarfi við foreldra, þegna sem eru meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart umhverfinu og samborgurum. Þetta kallar á mikla endurskipulagningu og aukna samþættingu bæði innan skóla og milli skóla og skólastiga sem kallar jafnframt á mikla samræðu og samvinnu.

Í könnun Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013) lætur þriðjungur tónmenntakennara í ljós löngun til að fá annan tónmenntakennara til samstarfs og að auki nefna nokkrir kennarar að þeir vilji meira samstarf við aðra kennara skólans. Með þessu námsefni verður reynt að gera

umsjónarkennurum á yngsta stigi auðveldara að samþætta tónlistarefni við „Komdu og skoðaðu“ bækurnar á grunni „Byrjendalæsis“ í samstarfi við tónmenntakennara eða á eigin spýtur þar sem skortur er á tónmenntakennslu. Í námsefninu fléttast tónlistin saman við námsþættina sex sem áhersla er lögð á í nýju námskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) og taldir eru upp hér að neðan.

Með *læsi* er ekki einungis átt við að vera læs á bókina heldur sköpun merkingar, skilja ták og geta túlkað og miðlað og notfært sér fjölbreytt miðlunartæki í formi tölva, sjónvarps, hljómflutningstækja og stafrænna samskiptatækja. Tónlistarupplifun hlýtur að vera liður í læsi, sköpun merkingar á þeirri lifandi tónlist sem við upplifum í lífinu svo og því sem við heyrum í gegnum hina ýmsu miðla og tákni (t.d. nótur).

Sjálfbærni felur í sér að nemendur læri að virða og skilja náttúruna og vistferli hennar, t.d. hringrásir og ferla og lögmál. Nemendur átti sig á að þeim beri að skila náttúrunni til komandi kynslóða í jafngóðu ástandi og þeir tóku við henni þannig að þeir skerði ekki möguleika komandi kynslóða á að skapa sér viðunandi lífsgæði. Einnig að nemendur átti sig á að efnahagslegt kerfi samfélagsins hangir saman við sanngjarna og skynsamlega skiptingu og nýtingu auðlinda þar á meðal tónlistar- og myndlistararfinum. Nemendur læri að gleðjast yfir því smáa á hinnvísu sem áorkast að leggja af mörkum til náttúruverndar, t.d. flokkun sorps til endurvinnslu sem til fellur í skólunum o.s.frv. Sjálfbærni er því ekki einungis fólgin í því að flokka sorp og endurvinna, heldur líka nýta auðlindir. Mannauður og það sem í manneskjunni býr er auðlind sem þarf að virkja. Í dag eigum við marga tónlistarmenn sem hafa skapað sér nafn og atvinnu héraðs og erlendis og lagt rækt við landkynningu og náttúruvernd og notað þjóðlögin okkar í tónlist sinni. Má þar nefna Björk og Sigurrós sem dæmi.

Með *lýðræði og mannréttindum* er átt við að nemendur sem borgarar taki virkan þátt í að móta samfélagið. Á sama hátt taki þeir ábyrgð á eigin námi og séu meðvitaðir um réttindi sín og skyldur samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim mannréttindum sem virða beri innan skólanna og utan og þeim grunngildum sem við viljum að ríki í samfélaginu. Á hverju skólaári eru þessi mannréttindi brotin á fjölda barna á Íslandi sem ekki fá lögboðna tónlistaruppfærslu í sínum skóla. Þessi börn koma síður til með að móta samfélagið með tónlistarþekkingu sinni og sækja tónlistarviðburði í framtíðinni, því þau hafa misst af því að læra að njóta og taka þátt í því sem tónlistin hefur að gefa. Kemur þar fram *félagsleg mismunun* í námi sem felur í sér takmarkað aðgengi fólks að menntun út frá félagslegri stöðu þess, hér félagslegri mismunun eftir búsetu. Hún er þó ekki

aðeins háð efnahagslegum þáttum heldur einnig þeim *menningarauði*, *félagsauði* og *táknrænum auði* sem einstaklingarnir búa yfir. Með menningarauð er átt við þann habitus sem er samofinn persónu okkar og líkama, ávöxtur félagsmótunar frá blautu barnsbeini (Gestur Guðmundsson, 2012).



Nýlegar rannsóknir hafa bent til þess að tónlist í skólastofunni auki hjálpssemi og samvinnu nemenda við að leysa verkefni og auki ánægju þeirra af skólastarfinu og fleiri finni sig þar á heimavelli sem endurspeglar í jákvæðari skólabrag (Kirschner & Tomasello, 2010; Davies, Ohl & Manyande, 2013; Eerola, & Eerola, 2013).

Jafnrétti felst í að nemendur fái jafnan rétt til að þroskast á eigin forsendum, t.d. hvað varðar aldur, búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni og geti sett sig í spor annarra og stuðlað þannig að skóla og samfélagi án aðgreiningar. Á dögum fjölmenningar, sem við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af fremur en aðrar Evrópuþjóðir, þá er tónlistin sterkur þáttur í menningu okkar og þeirra sem hingað koma og getur tónlistin verið liður í að skapa skilning milli þjóðerna og aukið á fjölbreytni í daglegu líf okkar. Tónlistin er oft fyrsti snertiflöturinn í samskiptum manna þegar sameiginlegt tungumál er ekki til staðar. Því er nauðsynlegt að nemendur hlusti á tónlist annarra þjóða því þannig læra þau að bera virðingu fyrir öðrum menningarheimum.

Heilbrigði og velferð felst í að kennarar og nemendur taki þátt í að skapa jákvæðan skólabrag þar sem andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan er fullnægt þannig að öllum líði vel. Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um heilsutengdar forvarnir og miðla til nemenda. Öryggi nemenda sé gætt og þeir hvattir til að stunda hreyfingu, neyta hollrar fæðu, temja sér hreinlæti, kynheilbrigði og hollar svefnvenjur þannig að þeir geti tekið ábyrgð á eigin heilbrigði og byggt upp jákvæða sjálfsmynd og unnið út frá henni og þroskað áhugasvið sín í daglegu starfi innan og utan veggja skólans. Margar rannsóknir renna stoðum undir hve heilsusamlegt það sé að syngja og dansa og taka þátt í tónlistarflutningi. Trommuhringir eru dæmi um tónlistarflutning þar sem fólk kemur saman á vinnustöðum, sjúkrastofnunum, í skólum, heilsuræktum og jafnvel á torgum og strætum og spilar á ásláttarhljóðfæri sér til ánægju og heilsubótar án þess að krafist sé fyrirfram kunnáttu. Í trommuhringjum lærist að vinna með öðrum, hlusta, skapa og njóta á staðnum (Kalani, 2004).

Sköpun býr í okkur öllum og það er hlutverk kennaranna að hjálpa nemendum að finna sinn sköpunarkraft. Tónlist er kjörinn vettvangur til að

virka nemendur í að skapa með smá hvatningu og aðstoð. Tónlistin á ekki að vera lokuð inni í tónmenntastofu, úr tengslum við annað skólastarf, heldur á hún að vera rauði þráðurinn í öllu okkar daglega lífi og samofin tilveru okkar og drífandi afl til að reikna með í skapandi skólastarfi. Sköpun, sem einn af grunnþáttum skólastarfsins og birtist oft sem athafnaþrá og sköpunarkraftur í leik sem leiðir af sér námsáhuga, örvar forvitni og virkjar ímyndunaraflið til að gera eitthvað nýtt og njóta sköpunarferlisins og afrakstsins sem svo aftur hvetur til að róa á ný og e.t.v. enn fjarlægari mið. Sköpunargleði er ekki bundin við listgreinar og á því heima í öllu skólastarfi og getur varpar nýju ljósi á þekkt fyrirbæri og veitir útrás fyrir frumkvæði og frumleika einstaklingslega eða í hóp með öðrum.

Við gerð kennsluefnisins var leitast við að setja saman efni sem hentar til samþættingar náttúru- og samfélagsfræðiefnisins í *Komdu og skoðaðu* bókunum á grunni lestrarkennsluaðferðarinnar „Byrjendalæsi“. Fléttað var inn í það meðal annars sönglögum úr námsefni Námsgagnastofnunar sem til er með undirleik aðgengilegum á vef stofnunarinnar auk fjölbreytts hlustunarefnis með tenglum á *youtube*. Þetta efni tengist á einhvern hátt því sem verið er að fjalla um í *Komdu og skoðaðu* bókunum t.d. bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera* eru sönglög um dýrin og hlustunarefni s.s. *Karnival dýranna*. Auk kennsluáætlana í „Byrjendalæsi“ með verkefnablöðum fylgja stuttir fróðleiksmolar um hlustunarefnið fyrir kennara að miðla til nemenda merktir  og hugmyndir að tónlistarlegum viðfangsefnum merktum . Efninu er ætlað að koma til móts við einstaklingsþarfir sem flestra nemenda með fjölbreyttri einstaklings- og hópvinnu með stoðum í grunnþáttunum sex í aðalnámskrá (læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun). Með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum bæði einstaklings- og hópkenndu má nálgast þarfir og áhuga og getu hvers og eins nemenda og aðlaga námsefnið að einstökum nemendum þannig að það verði sem merkingarbærast fyrir þá. T.d. geta nemendur sem náð hafa góðri lestrarfærni aðstoðað félagá sína við upplýsingaöflun í hópvinnu. Hinir sem e.t.v. eru flinkir að teikna eða lagvissir geta lagt sitt af mörkum með myndskreytingu og kennt félögum sönglögina o.s.frv.

1.3 Tónlist jákvætt afl í grunnskólanum

Í flestum skólum þjónar tónlist veigamiklu hlutverki í skólalífinu og þjappar skólasamfélaginu saman. Oft hefur skortur á sérmenntuðum tónlistarkennurum dregið úr þessu starfi og margir bekkjarkennarar eru óöryggir þegar þeim er ætlað að sinna tónlist með sínum bekk. Námsefnið

sem hér verður kynnt og samið hefur verið í þeim tilgangi að samþætta tónlist við kennslu yngri barna stigi grunnskólans er m.a. ætlað að styðja við bakið á bekkjarkennurum sem vilja samþætta tónlist við aðrar námsgreinar í bekkjarstarfinu en þurfa stuðning til þess.

Í gegnum árin hefur tónmenntakennsla víða átt erfitt uppdráttar, fáir kennarar útskrifast með tónlistarkennslu sem sérgrein, sem er miður. Þetta hefur m.a. valdið því að erfitt er að fá tónlistarmenntaða kennara til starfa og víða hefur tónlistarkennsla fallið niður eða ráðið hefur verið í stöðurnar fólk með takmarkaða eða einhæfa tónlistarreynslu og oftast en ekki engan kennslufræðilegan bakgrunn. Þetta á einkum við víða úti á landi. Margt kemur þar til, rót hefur verið á tónmenntakennaramenntun og lítið samræmi milli þeirra stofnana sem útskrifa tónmenntakennara og engar tónmenntadeildir verið úti á landi í mörg ár, þar sem skorturinn er hvað mestur. Það er einnig athyglisvert að margir menntaðir tónmenntakennarar starfa við annað í dag. Könnun sem Helga Rut Guðmundsdóttir (2005) gerði um tónmenntakennslu á öllu landinu leiddi í ljós að þar sem tónmenntakennsla var stunduð reyndist aðstaða og tækjabúnaður víðast hvar góður en vöntun á hvortveggja á hinum stöðunum. Aðspurðir skólastjórar á þeim stöðum töldu skort á kennurum fremur en aðstöðu og búnaði um að kenna. Tónmenntakennarar voru almennt ánægðari með skipulag kennslunnar en tækjakostinn og meira væri um að nemendur á yngri stigunum fengju kennslu en nemendur á unglingsstigi. Töldu þeir að e.t.v. væri skorti á námsefni um að kenna og sögðu að meira hefði verið gefið úr fyrir yngstu nemendurnar síðustu árin.

Ein af frumþörfum mannsins er að fá notið þess sem fagurt er og eitt af hlutverkum grunnskólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna, þar með talið á tónlistarsviðinu, þannig að þeir fái notið fegurðar og mikilfengleika tónlistarinnar og þroskað persónulegan tónlistarsmekk sinn til að njóta þeirrar félagslegu ánægju sem sameiginleg tónlistarupplifun veitir. Börn eiga að fá að kynnast tónlistinni og fá leiðsögn í að njóta hennar og skilja og meta og fá útrás fyrir sköpunarþörfina með því að vera þátttakendur í að hlusta á, búa til og flytja tónlist með félögunum og samþætta hana öðrum námsgreinum þannig að hún verði eðlilegur hluti af skólalífinu og liður í að þróa persónuleikann (Hovdenak, 2007). Rennt hefur verið undir það stöðum að gott tónlistaruppeldi geti bætt frammistöðu í öðru námi, t.d. stærðfræði. Er þar átt við einbeitingu, aga, rýmiskennnd svo eitthvað sé nefnt (Manford, 1997; Kirschner & Tomasello 2009, 2010). Einnig er tónlist talin hafa áhrif á lestrarfærni. Nemendur sem læra að lesa nótur auka einnig færni sína í að lesa, hlusta, sjá fyrir sér, spá fyrir um, muna, einbeita sér og tengja fyrri færni (Hall & Robinson, 2012).

Tónlistin er allt í kringum okkur og oft miðpunktur menningarstarfsemi og félagslífs í samfélaginu og fylgir okkur frá vöggu til grafar í gleði og sorg. Það að fá notið tónlistar er hluti þess að vera læs á umhverfið og beisla það sér til lífsfyllingar.

1.4 Saga og snertifletir tónlistar í daglegu lífi

Saga tónlistarkennslu í íslenskum skólum er ekki löng í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir enda byggðist landið seint og var einangrað. Í fyrstu var um söngkennslu að ræða og námsgreinin tónmennt kemur fyrst fram í námskrá 1976 og er þar ætlað að spanna vítt svið s.s. hreyfingu og tjáningu, hljóðgjafa og hljóðfæri, hlustun og kynningu auk nótnalesturs, ritunar, flutnings og greiningar tónlistar (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Námsefni var gefið út af Námsgagnastofnun með tilliti til breytinganna og er það við líði enn og stendur fyrir sínu þótt notkun þess hafi dregist saman.

Tónlistin hefur marga snertifleti við daglegt líf okkar. Við komum í heiminn með því að fylla lungun lofti og reka upp skrækan grát. Við erum svæfð, hugguð og róuð við söng foreldra okkar. Við dillum okkur við hjómfall um leið og við getum staðið í fæturna og reynum að samhæfa hreyfingarnar hljómfallinu eftir bestu getu. Hljóð, hrynur (taktur) og hreyfing eru þættir sem fylgja okkur allt frá veru okkar í móðurkviði (Bjorkvold, 1993).

Tónlist mætir okkur í útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum, dansstöðum, á veitingahúsum, í símanum þegar við bíðum eftir að ná sambandi við einhvern, í tölvuleikjum, í kjörbúðum, í kirkjum við skírnir, fermingar, brúðkaup og jarðarfarir, á tónleikum, í afmælum og svo mætti lengi telja.

Tónlistin er alheimsmál, oft án orða, en gerir okkur samt kleift að tjá okkur á persónulegan hátt og eiga samskipti við aðra hvar sem er á jarðkringlunni. Við lærum tónlist á sama hátt og börn læra móðurmálið sitt, við hlustum fyrst, lærum síðan smátt og smátt af umhverfinu að tala, syngja eða spila, við lærum síðan að lesa stafi og nótur og síðast í ferlinu að skrifa og öðlast skilning á mismunandi málsniði og stíltegundum tónlistar. En til þess að við öðlumst þessa færni þá þurfum við að þjálfna næmni fyrir öllum grunnþáttum tónlistarinnar frá blautu barnsbeini og þar eru það heimilin, umhverfið og skólarnir sem eru mestu áhrifavaldarnir eins og við máltökuna og þróun móðurmálsins. Við öðlumst ekki dómgreind og færni í að nota og tjá okkur á móðurmálinu og njóta góðra bókmenna ef við öllumst ekki upp við gott málumhverfi og það sama gildir um tónlistaruppeldið.

Er sá skortur tónlistarkennara sem við búum við í dag e.t.v. afleiðing lélegrar eða engrar tónlistarfræðslu víða í skólum? Það er ólíklegt að kennaranemar velji sér tónlist sem sérsvið ef þeir hafa ekki fengið

tónlistarkennslu í uppvextinum og upplifað að taka þátt í söng og hljóðfæraleik, þeir eru búnir að „missa af strætó”. Hvernig getum við brúað þessa gjá sem hefur orðið víða í tónlistaruppeldinu? Getum við virkjað almenna kennara í að flétta tónlist að meira marki inn í aðrar námsgreinar? Það væri óskandi að sumir hverjir treystu sér til þess og styddu hina. Það er ótrúlegt hvað það að syngja eitt lítið lag eða hlusta á brot úr tónverki sem tengist t.d. samfélagsfræði- eða móðurmálskennslunni getur stutt við viðfangsefnið þannig að úr verði merkingarbær heild eða þemanám þar sem allir fá notið styrkleika sinna og eru virkir. Þetta skapar jákvætt andrúmsloft í skólastofunni og jafnvel tengsl milli árganga ef um er að ræða árgangasamvinnu. Nemendur kynnast betur í fjölbreyttu hópastarfi. Með því geta þeir flogið á vængjum íslensku þjóðlaganna um dimm bæjargöng torfbæjanna og svifið á holum hljómi didderidúsins inn í regnskóga frumbyggja Norður-Ástralíu á leifturhraða.

1.5 Hvað er gert í dag?

Menntastefnan sem birtist í nýju aðalnámskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 10-18) byggir eins og segir í inngangi á sex grunnþáttum eða stoðum sem eiga rætur að rekja í löggjöf námsstiganna þriggja (leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla). Auk þess er horft til löggjafar, ákvæða og stefnu stjórnvalda og alþjóðlegra samþykka í ýmsum velferðarmálum s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Grunnþættirnir skulu fléttast inn í allt skólastarf á heildstæðan hátt. Þeir skulu endurspeglar fagmannleg vinnubrögð og oft óhefðbundna þverfaglega kennsluhætti og skapa víðsýnan og jákvæðan skólabrag. Í öllu skólastarfi skarast námsþættirnir sex og eru samofnir og háðir hver öðrum. Þeir mynda eina heild sem stuðla að því að nemendur efla jákvæða sjálfsmynd sína, heilbrigði og séu læsir á þarfar sínar og umhverfisins og þess umkomnir að vera virkir í að móta framtíðarsamfélagið til betri vegar. Víða skortir á tónlistarfræðslu í grunnskólunum og er látið viðgangast ár eftir ár. Þar kemur margt til en ætla má að sú staða kalli á breytta kennsluhætti sem gætu hugsanlega snúið þróuninni við til betri vegar.

1.6 Tónlistarnámsefni til notkunar í samþættingu við aðrar námsgreinar

Tónlistarnámsefni og gögn sem nota á í tónmennt og samþættingu við aðrar námsgreinar verður að vera vandað eins og allt annað sem borið er á borð fyrir börn. Fjölbreytt kennsluefni, hljómdiskar, myndbönd, tónlistarleikir, skólahljóðfæri, hljómlutningstæki, tölvur, tónlistarforrit, spjaldtölvur,

farsímar, glærur, skjávarpi til að sýna glærur og myndbönd þarf að vera til staðar. Einnig ýmsir hljóðgjafar úr ríki náttúrunnar s.s. steinar, skeljar, trjágreinar, sandur, vatn o.s.frv. auk annars búnaðar sem fylgir almennri kennslustofu og þarf hann að virka. Einnig má huga að vettvangsferðum á bókasöfn, á sýningar og tónleika í bæjarfélaginu ásamt því að fá aðra nemendur eða foreldra sem leika á hljóðfæri eða búa yfir fróðleik og kunnáttu sem að gagni má koma til að koma í skólaheimsóknir.

Námsgögn í tónmennt eru verkfæri eins og verkfæri iðnaðarmanna og veldur þar hver á heldur. Þó eru námsgögnin misnotendavæn og mörg hver verið gefin út upp á síðkastið með það í huga að þau gagnist leiðbeinendum með takmarkaða kunnáttu í tónlist jafnt og sérmenntuðum tónlistar- eða tónmenntakennurum. Þetta er umdeild þróun og margir telja erfitt að gera kennslu lifandi og spennandi ef aðeins er farið eftir bókinni eins og uppskrift í matreiðslubók ef kunnátta er ekki fyrir hendi. Aðrir fagna slíku efni sem lið í átt að samþættingu og hafa báðir eitthvað til síns máls. Í heildina er fremur lítið til af útgefnum efni í tónmennt nema það sem Námsgagnastofnun hefur gefið út og því sjá margir kennarar sig knúna til að semja efni eða viðbótarefni til að aðlaga að sinni kennslu og nemendahópnum. Einnig leita sífellt fleiri á netið til að finna erlent efni til að fá hugmyndir að verkefnum og nálgast áhugavert hlustunarefni og hlustunarverkefni þar sem tungumálakunnátta er ekki hindrun í að nemendur geti leikið viðkomandi leiki. Með ört vaxandi tæknimöguleikum í einka- og spjaldtölvum opnast nýir möguleikar fyrir kennara að útbúa áhugaverð verkefni, vefleiðangra og fleira sem víkkar sjóndeilarhringinn og eykur gæði námsins og starfsánægju bæði nemenda og kennara.

Formlegt (útgefið) námsefni er þó það sem við þekkjum best og er oftast notað innan veggja skólastofunnar. Færst hefur í aukana að skólustarf sé flutt út fyrir kennslustofuna og kennarinn standi ekki eingöngu fyrir framan nemendur og miðli af þekkingabrunni sínum. Námið er þá ígrundandi og reynslumiðað í anda Deweys þar sem nemandinn kemur í skólann með sína reynslu að heiman og tengir hana nýrri námsreynslu á skólatímanum. Kennarinn þarf að kanna fyrri reynslu nemendanna og hjálpa þeim að finna sína styrkleika, byggja nýja reynslu og þekkingu á þann grunn við hæfi hvers og eins og vera á hliðarlínunni leiðbeinandi og til stuðnings.

1.6.1 Flokkun tónlistarnámsgagna

Námsefni má gjarnan skipta í þrjá flokka: kennslufræðilegt, merkingarfræðilegt og svo hagnýtt námsefni.

Í kennslufræðilegt námsefni í tónmennt má flokka kerfisbundið námsefni í formi námsbóka og á rafrænu formi s.s. tölvu, smartboard, iPad o.s.frv. *Tónmennt* Námsgagnastofnunar fyrsta til fimmta hefti með vinnubókum og kennsluleiðbeiningum sem voru fyrst útgefnar árið 1981 ásamt hlustunarefni frá Ríkisútvarpinu sem safnað var 1977-1980 og inniheldur fjölbreytt sönglög, þulur og kvæði sem henta hverju aldursstigi ásamt hljóðfærakynningum og einföldum fræðilegum tónlistarheitum. Þessar bækur standa fyrir sínu og hafa verið marg endurútgefnar, fyrst með hljóðsnældum og síðan með CD diskum. Þær eru gefnar út með það í huga að menntaðir tónmenntakennarar noti kennsluefnið og glæði það lífi og styðji, þannig að það verði merkingarbært fyrir nemendur. Sama er að segja um ýmsar bækur sem innihalda sönglög með píanóundirleik og seinna með kórsöng og svo án söngs til að spreyta sig á einn og óstuddur. Þar má telja: *Nýtt söngvasafn handa heimilum og skólum* (1949) sem var endurútgefið (2012) í minningu Ingólfs Guðbrandssonar, nú endurbætt með gítarhljómunum. *Nýir skólasöngvar* (2003) nemenda- og kennarabók, *Syngjandi skóli* (2004, áður *Syngjum saman*), *Söngvasafn 1 og 2* (2009) fyrir yngsta stig en allar hinar bækurnar byggðar á gömlum merg söngkennslu fyrir öll stig. Einnig er að finna annað áhugavert efni s.s. *Við spilum og leikum við börnin* (2010) ásamt geisladisk og *Töfrakassinn 103 leikir* (2008) fyrir leikskóla og yngsta stig. *Það var lagið* (2004) fjölbreytt tónlistarefni með hlustunarefni fyrir yngsta stig. *Hljóðleikhúsið* (2008) þar sem unnið er með ýmsa hljóðgjafa á yngsta- og miðstigi. *Leikum og syngjum* (2000) kjarnaefni, hugmyndir fyrir kennara með CD diskir fyrir yngsta stig. *Karnival dýranna* (2006) verkefnahugmyndir með samnefndu verki Saint Saens, fyrir yngsta og miðstig. *Það er gaman að hlusta á...* bækurnar (1995-2001) fyrir miðstig. *Hljóðspor* (2007) um sögu, rætur og þróun dægurtónlistar fyrir mið- og unglingsstig. *Tónlist og tölvur* (2005) fyrir 7.-10. bekk. Einnig er að finna tvö vefverkefni: *Landafræði tónlistarinnar* (2009-11) og *Tónlist í tímans rás* (2005) hvort tveggja ætlað mið- og unglingsstigi. Einnig þriðja vefverkefnið eingöngu ætlað unglingsstigi, *Dokaðu við* (2003). Þetta er það helsta sem er að finna á vef Námsgagnastofnunar þegar skoðað er útgefið efni stofnunarinnar og lítil endurnýjun hefur átt sér stað, helst hefur verið um endurbættar útgáfur að ræða síðustu árin. *Tónlist í leikskóla* (2010) er vönduð bók sem gefin var út af Máli og menningu og fylgja henni þrjár geisladiskar. Þetta efni á einnig vel heima í yngstu bekkjum grunnskólans.

Til merkingarfræðilegs efnis má telja t.d. tónverk sem gert er námsefni við til að gera tónverkið aðgengilegra og merkingarþærra fyrir börn og unglings. Dæmi: *Karnival dýranna* útgefið af Námsgagnastofnun og *Maxímús Músíkús* (fjórar bækur) sem er útgefið af Máli og menningu, þar sem

spunnin er myndskreytt saga utan um sígilt tónverk. Á árinu 2013 komu út tvö frumsamin verk fyrir börn: *Veiða vind*, færeyskt verk eftir Rakel Hemsdal Kára Bæk í þýðingu Þórarins Eldjárns útgefið af Forlaginu EHF og *Strengir á tímaflakki*, eftir Pamelu De Sensi og Steingrím Þórhallsson útgefið af Sæmundur, bókaútgáfa. Er nú að sjá aukningu í sjálfstætt útgefnu efni sem þessu og er það vel.

Hagnýtt námsefni er ýmislegt sem nemandinn hagnýtir sér í náminu til að gera sér það auðveldara. Má þar nefna ítarefni af veraldarvefnum og tæki sem varpa betra ljósi á viðfangsefnið t.d. spjaldtölvur sem nemendur í mörgum skólum hafa í auknu mæli fengið til umræða.

1.6.2 Hlutverk útgefna tónlistarnámsgagna

Í lögum 71/2007 frá Alþingi um námsgögn gr. 1 segir: Markmið laga þessara er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögum þessum er kveðið á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

Í grein 3 segir:

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun. Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn. Stofnunin skal hafa samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla (Lög um námsgögn nr. 71/2007).

Ekki þarf nema skoða framboð tónlistarefnis á heimasíðu Námsgagnastofnunar til að sjá að ekki er fjölbreytnin mikil í tónlistarefninu né mikar nýjungar eða þróun í námsgögnunum sé það borið saman við margar aðrar námsgreinar. Í rannsókn Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013) kemur fram að margir tónmenntakennarar eru öflugir í að búa sér til námsefni til eigin nota en deila því yfirleitt ekki með öðrum. Fram kom að flestir voru ánægðir með sitt efni sem hentaði þeim vel. Spurning er hvernig hægt væri að hvetja kennara til að koma saman og skiptast á hugmyndum og námsefni þannig að allir séu ekki að finna upp hjólið. Því er ljóst að hér er mikill óþægður akur fyrir tónlistarfólk í nánustu framtíð sem það vonandi

tekur að sér að yrkja. Hér er gott tækifæri til að útbúa nýtt námsefni þar sem samþætting tónlistar og annarra námsgreina verði höfð að leiðarljósi og jafnframt brúað bilið milli leik- og grunnskóla.

1.7 Samþætting tónlistar í almennu námi

Mikið er rætt um að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og má ætla að það sem hefur áhrif í leikskólanum hafi svipuð áhrif í yngstu bekkjum grunnskólans. Rannsókn Kirschner og Tomasello, *Joint musicmaking promotes prosocial behavior in 4 years old children* (2010) ásamt nýrri rannsókn sem styður hana, *Making music may improve young children's behaviour* (Davies o.fl., 2013). Þeir félagar tala um uppruna tónlistar og tilgang ekki vera vitaðan með vissu en maðurinn sé eini prímatinn sem stundi tónlist. Hún standi oft í sambandi við trúarlegar samkomur, manndómsvígslur, undirbúning fyrir bardaga, brúðkaup o.s.frv. Ein tilgátan er að tónlistin hafi þróast í félagslegt verkfæri sem efli samkennd og samvinnu. Þeir styðja þessa kenningu með því að sýna fram á að sameiginleg tónlistariðkun fjögurra ára barna auki á samvinnu þeirra í kjölfarið. Til samanburðar var hópur þar sem allt hið sama var til staðar nema tónlistin. Þeir halda fram að það að tjá sig í söng og dansi í takti á meðan stefnt er að sameiginlegu markmiði fylli þátttakendur hinni innri mannlegu þrá eftir að deila tilfinningum sínum og reynslu í athöfn með öðrum. Í rannsókninni léku börnin sér saman í þörum í þrjár mínútur með fullorðnum, sem las sögu (hópurinn án tónlistar). Hin dönsuðu, sungu og spiluðu á ásláttarhljóðfæri við auðlært barnalag. Strax að leiknum loknum tóku börnin þátt í tveimur verkefnum sem útbúin höfðu verið til að prófa vilja þeirra til að 1) hjálpa félaga sínum og 2) taka þátt í að leysa þraut. Þátttakendur voru 96, 48 drengir og 48 stúlkur fjögurra til fimm ára. Þau komu frá sextán leikskólum í úthverfum í Þýskalandi frá blönduðum samfélagshópum. Þörin sem unnu saman komu frá sama leikskólanum og höfðu samþykkt að leika nýjan leik saman. Síðan var notað slembiúrtak til að velja hvort þörin lentu í sögu- eða tónlistarhópnum. Að auki voru 15 þör sem voru með en voru ekki þátttakendur í lokatilrauninni. Þörin voru af sama kyni þannig að skoðuð voru áhrif annars vegar ef saga var lesin fyrir börnin en hins vegar ef dansað var við tónlist. Athugaður var munur á drengjum og stúlkum. Einnig var skoðaður mismunur sögu- og tónlistarhópna hvað varðar hjálpssemi og lausnaleit. Niðurstaða fyrri rannsóknarinnar var sú að í hjálpssemi hjálpuðu bæði kynin meira í tónlistarhópnum en söguhópnum og stúlkurnar voru hjálpsamari en drengirnir út í gegn. Samvinna við þrautalausnina gekk betur hjá tónlistarhópnum og stúlkurnar aftur hjálpsamari. Ýmis orð féllu á meðan á

tilrauninni stóð: „Reynum að koma þessu saman...“, „Nú þú!“ og „Við erum búin!!“.

Önnur rannsókn þeirra félaga Kirschner og Tomasello, *Joint drumming: Social context facilitates synchronization in preschool children* (Kirschner & Tomasello, 2009), sýndi hæfileika ungra barna til að tromma og hreyfa sig í takt við trommuslátt, úr hátalara, trommuheila eða með annarri manneskju. Sýndi sig að í þeirri félagslegu athöfn að hreyfa sig með öðrum sýndu börnin leikni sem fór fram úr því sem vænta mátti með tilliti til aldurs þeirra. Rannsókn Eerola & Eerola, *Extended music education enhances the quality of school life* (Eerola P. & Eerola T., 2013), sýndi að hópar grunnskólabarna í þriðja og sjötta bekk sem fengu fjóra tónmenntatíma á viku í stað eins létu í ljós meiri ánægju með skólaveruna, betri námsárangur og voru virkari og ánægðari með sig í skólalífinu og innan bekkjarins.

Saville fjallar um aðferðir til að nota endurtekningu sem áhrifamikið kennslutæki í grein sinni, *Strategies for Using Repetition as a Powerful Teaching Tool* (Saville, 2011). Með endurtekningu lærum við að þekkja stafina og tákni eins og nótur, para dýrahljóð við rétt dýr og muna nöfn, heimilisföng, símanúmer, margföldunartöfluna og ýmislegt annað huglægt.

Endurtekningu telur hann vera sérlega árangursríka aðferð í tónlistarkennslu. Bæði hreina endurtekningu og endurtekningu með smá frávikum. Innihaldslaus endurtekning sé leiðinleg og andlaus. Kennarinn þurfi með hverri endurtekningu að leggja áherslu á eitthvert smáatriði innan ramma þess sem verið sé að endurtaka, með því haldi hann athygli og ánægju nemenda og kennara og æfingin verði markviss og lærdómsfull.

Endurtekning styrkir taugasambönd í heilanum og þjálfar fínhyrfifærni, (Jensen, 2000). Eftirherma er einfaldasta form endurtekningar. Saville segir að venjuleg endurtekning hafi litla þýðingu nema meira fylgi með. Er hann þar að tala um jákvæð eða neikvæð viðbrögð. Það að kennarinn segi nemandanum hvað sé ekki að virka og á hinn bóginn hvað sé vænlegt til að bæta. Heilinn lærir með því að flokka og útiloka það sem er ekki gott og velja svo úr það besta úr hinu jákvæða.

Nákvæmni og tímasetning segir Saville (2011) vera mikilvæga þætti við endurgjöf og aðalþáttinn í að nám fari fram. Hann tekur fram að t.d. að æfa hljómsveit eða kór þá verði lítill árangur af því að endurtaka lag hvað eftir annað heldur eigi að búta verkið niður og endurtaka partinn þar sem vandinn liggur. Einnig segir hann að sé lagið spilað eða sungið í heild og svo sé komið með nokkrar ábendingar þá festist þær ekki því of langt sé um liðið frá þeim stað sem þær áttu við. Því eigi að stansa strax og koma með

aðeins eina ábendingu í senn þannig að enginn vafi leiki á um hvað sé verið að ræða.

Savielle segir að heilinn hafi tilhneigingu til að sækjast eftir því sem er nýtt og ferskt og læri það best en síðan fjari það út þegar nýjabrumið er farið af. Þess vegna þurfa kennarar alltaf að vera með nýjar, ferskar og áhugaverðar hugmyndir þó svo að þeir séu að kenna sama hlutinn, vera með nýtt vín á gömlum belgjum. Nemendur þurfa að læra að hlusta á greinandi hátt og komast nær fyrirmyndinni við hverja endurtekningu. Þetta á við um allt nám hvort heldur tónlist eða annað. Þetta er gott að nýta við kennslu sönglaga í samþættu námi. Hægt er að endurtaka sama sönglagið á margvíslegan hátt, sterkt/veikt, hægt/hratt o.s.frv.

Í grein sinni, *Music and Reading: Finding Connections From Within*, tala Suzanne N. Hall og Nicole Robinson um það hvernig það hefur færst í vöxt að tónmenntakennarar séu beðnir um að þjálfra lestrarfærni barna í tónmenntatímum (Hall & Robinson, 2012). Mörgum kennurum finnst þetta erfitt og illa samræmanlegt og hafa tekið það ráð að skipta kennslustundunum í tvo jafna hluta. Þær stöllur ræða um í grein sinni hvernig hægt sé að samflétta þetta tvennt í sömu kennslustund á áhrifaríkan hátt og lýsa hvernig finna megir það sem sé kennslufræðilega sambærilegt með tónlist og lestrarkennslu eins og hugtök, námsferli og kennsluaðferðir. Rannsóknir segja þær að hafi í auknu mæli leitt í ljós að tónlistarkennsla eykur hæfileikann til að ná tökum á einstökum þáttum lestrarferlisins t.d. að þekkja stafina, munnlega samskiptafærni, hljóðfræði, umskráningu orða, lesskilning, orðaforða, lestrarfærni o.fl. Þær segjast ekki ætla sér að gera tónmenntakennara að lestrarkennurum heldur sýna fram á hvernig þessi ferli haldast í hendur og skarast báðum greinum til framdráttar. Tilgangur greinarinnar sé að fá tónmenntakennurum þrjú þætti verkfæri í hendur þ.e. a) að færa þeim orðaforða lestrarkennslunnar b) fá þeim í hendur kennsluaðferð þar sem bæði lesturinn og tónlistin njóta sín c) að kynna tónlistarleiki sem sýna hvernig tónlistarkennarinn styður með þeim við lestrarferlið í tónmenntastofunni.

Tónlist og lestur nota hlustun, tákn og umskráningu til að koma upplýsingum til annarra. Lestur og tónlist er yfirgripsmikið ferli (Hall & Robinson, 2012) og því verði aðeins rætt um fimm þætti: hljóðvitund, hljóð, færni, orðaforða og skilning. Hljóðvitund felst í því að þekkja og skynja einstök hljóð í orðum, m.a. áður en viðkomandi lærir að þekkja hið sjónræna, t.d. bókstafina í k-i-s-a. Á sama hátt læra börn Sol-Mi fallandi þrjú þætti eða kall, áður en þau læra Sol-Mi handahreyfingarnar. Tónlistarverkefni sem fela í sér aðgreiningu hljóða, tónbil, blæ, lengd og

form hjálpa til við að þjálfra hljóðvitund ungra barna og hjálpa þeim að greina á milli hljóða.

Hljóð og þjálfun í greiningu þeirra felst í að tengja heyrnrænt hljóð í skrifað tákni, byrjun og endi hljóða, löng og stutt hljóð og tengsl þeirra við bókstafi og það að reyna að búa til ný orð úr hljóðunum. Í tónmenntinni er þetta þjálfað í þjóðlögum og sönglögum. Færni felst í að lesa hratt, örugglega og með innlifun hvort heldur orð eða nótur. Það felur í sér að skynja og túlka mynstur og tengsl, hljóð, blæ, lengd, tónhæð, átt (lestrarátt), styrk auk þess að þekkja raddir eða hljóðfæri. Orðaforði höfðar til orðanna og nótnanna bæði munnlega og skriflega. Í lestrinum skilja nemendur orðin og í tónlistinni tákni sem eru hluti af lesmálinu eða tónlistinni. Lesskilningur á við bæði lestur og tónlist að skilja og muna texta eða lag og geta tjáð sig um það við aðra.

Af þessu má sjá að það eru mörg sameiginleg einkenni tónlistar og lesturs. Því má ætla að hægt sé að bæta lestur í tónmennt þar sem báðar námsgreinar fela í sér hlustun, hrynjandi, samskipti, sköpun, hugsun, tjáningu og minni, orðaforða, sjónræn tákni og skynjun. Tónlistin hefur auðgandi áhrif á orðaforðann, áherslur og framburð, hrynjandi málsins og getur eflt aðra þætti í lestrinum s.s. lestur frá vinstri til hægri með taktfastri augnhreyfingu. Þær stöllum segjast ekki vera að segja tónmenntakennurum að gerast lestrarkennarar heldur nýta tækifærin þar sem leið lesturs og tónlistar liggja saman til að vekja athygli á hvernig þessar greinar geti stutt hverja aðra.

Á sama hátt kom fram í grein Savielle mikilvægi endurtekningar í lærdómsferli stutt af heilarannsóknum Jensen. Í rannsóknum Kirschner og Tomasello kom fram áhrif tónlistar á félagslega þátt samvinnu og hjálpssemi við að leysa vandamál. Þessar greinar allar undirstrika gildi samþættingar og samstarfs kennara sem kenna mismunandi greinar og styrkja það að samþætting allra námsgreina á yngsta stigi hjálpi nemendum að tileinka sér námsefnið með hjálp tónlistarinnar. Það er tilgangur þessa námsefnis að samnýta það sem lestrarferlið og tónlistin eiga sameiginlegt og á sama hátt flétta náttúru- og samfélagsfræðina með og láta námsgreinar styðja og efla hverja aðra og skapa breiðan samvinnugrundvöll fyrir nemendur að vinna að þrautalausnum og sköpun þekkingar.

2 Áhrif tónlistar á aðrar námsgreinar

Tónlist getur virkað sem vítamínsprauta á allar aðrar námsgreinar og er orðin samofin okkar veruhætti eða menningarauði sem samkvæmt kenningum Bourdieu fylgir einstaklingnum frá barnæsku. Hver einstaklingur fæðist inn í félagslegt umhverfi þar sem menntun foreldra er mismikil og hann elst upp við ákveðna menningu. Á heimilum mótast viðhorf til skólans, nemendur fá mismikinn stuðning heima fyrir sem hefur oft áhrif á námsárangur þeirra (Gestur Guðmundsson, 2012). Það er því hlutverk okkar kennara að átta okkur á félagslegri og námslegri stöðu hvers nemenda og aðstoða hann við að víkka sjóndeildarhring sinn og finna farveg fyrir sköpunakraftinn og lífsfyllingu með þátttöku í tónlistartengdum verkefnum. Það má gera með samþættingu við aðrar námsgreinar þar sem tónlistin er rauði þráðurinn og hverjum einstökum nemenda er fundið viðfangsefni við hæfi hvort heldur í hóp- eða einstaklingsvinnu. Hér að neðan er fjallað um samþættingu tónlistar við aðrar námsgreinar sérstaklega samþættingu við *Komdu og skoðaðu* bækurnar sem er fjölbreytt kennsluefni fyrir yngsta stig og fjallar um fjölbreytt efni í náttúrinni og samfélaginu. Þetta er gert á grunni lestrarkennsluaðferðarinnar Byrjendalæsis og hópkenntuaðferðarinnar KVL. Góð metnaðarfull skipulagning er grunnurinn að árangri og góð yfirsýn t.d. með námskrárlíkani Akkers (2003) styður við árangursríka skipulagningu náms.

2.1 Tónlist sem kennsluaðferð

Margar rannsóknir styðja eins og áður er sagt samþættingu tónlistar við nám og kennslu. Þar er helst talað um einbeitingu, aga, rýmiskennnd, lestrarfærni, skapandi hugsun og samkennd og hjálpsemi svo eitthvað sé nefnt (Kirschner & Tomasello, 2010; Davies, Ohi, & Manyande, 2013; Eerola, & Eerola, 2013). Einnig hafa verið skrifaðar greinar og bækur sem styðja og hvetja til samþættingar (Manford, 1997; Hovdenak, 2007).

Það eru óþrjótandi möguleikar á að tengja saman bekkjarstarf og íslenska tónlistararfinn, þjóðlöggin okkar, gömul og ný sönglög þar sem innihald ljóðsins og námsgreinarinnar tengjast eða heiti tónverks og á sama hátt finna tengsl við tónlist annarra þjóða og kynnast annarri menningu. Þannig skapast einnig tenging við íslensku, náttúru- og samfélagsfræðigreinar og færir huga nemenda út fyrir kennslustofuna og má jafnvel tengja vettvangsferðum og útikennslu, að hlusta á fuglasöng, öldugjálfur, lækjarnið

og hljómkviður vindsins. Það kryddar og opnar huga nemendanna fyrir tónlistinni og skerpir félagsþroska og samheldni nemenda og að auki er líkamlega og andlega hollt að syngja, hreyfa sig og dansa við tónlistina.

2.2 Tónlist sem verkfæri til að virkja nemendur

Hlutverk tónlistar hefur breyst í nútíma þjóðfélagi (Bakken-Hauge og Christophersen, 2000). Áður fyrr hafi hún verið bundin við ákveðnar aðstæður og flytjendur á staðnum en nú sé tónlist frá öllum heimshornum aðgengileg á netinu allan sólarhringinn. Þrátt fyrir þetta aukna aðgengi hefur tónlistariðkun barna og unglunga lotið í lægra haldi fyrir bakgrunnshlustun t.d. í verslunum og i-podum í eyrum þegar verið er að gera eitthvað annað, t.d. læra. Það er mikilvægt að auka skilning nútíma fólks á mikilvægi tónlistar fyrir einstaklingana og þjóðfélagið. Til að skilja tónlist þarf að upplifa hana eins og kennslufræðingar eins og Dewey, Piaget og fleiri hafa hamrað á „Learning by doing” eða „að læra með því að framkvæma”. Hér koma trommuhringir að góðum notum til að endurvekja þau samfélagslegu áhrif sem sameiginleg tónlistarupplifun getur gefið. Trommuhringur er tónlistarsamkoma hljóðfæraleikurum til ánægju og lífsfyllingar. Þar koma þeir ekki einungis til að spila á *slagverkshljóðfæri* heldur til að deila reynslu og allir hafa eitthvað til málanna að leggja, eru virkir þátttakendur auk þess að fá hvatningu og útrás fyrir sköpunargáfu sína. Að koma saman í trommuhring snýst meir um að leika sér með hljóðfærið en að leika ákveðin lög og skapa eitthvað á staðnum fremur en flytja það sem hefur verið skapað nú þegar. Að spila í trommuhring snýst fremur um að bæta sig á ýmsum sviðum fremur en að standa á sviði og finna sinn eigin æðaslátt fremur en umhverfisins. Einkunnarorð trommuhringja eru: hópur- samvinna – sköpun – núíð (Kalani, 2004).

Þegar tveir spila saman á trommur, hlustar hvor á annan og ný tónlist sem byggir á því sem þeir heyra og upplifa flæðir til eyrna hins hljóðfæraleikarans. Tónlistin fer um hjartað og út í gegnum hljóðfærið og aftur til baka til hins hljóðfæraleikarans þangað sem hún átti upptökin. Kennarinn sem hópstjóri:

- Hann hjálpar til við að skapa vinsamlegt andrúmsloft
- Hann hjálpar þátttakendum að spila saman
- Hann kynnir viðfangsefni sem eru skemmtileg og viðráðanleg
- Hann hvetur til samvinnu og frumkvæðis
- Hann er hvetjandi og lætur í ljós viðurkenningu (Kalani, 2004).

Til eru margar gerðir trommuhringja sem þjóna mismunandi tilgangi. Helstu gerðir trommuhringja eru:

Bæjarhringir sem spila víðsvegar um bæjarfélagið, bæði fólk með reynslu og fólk sem vill reyna eitthvað nýtt.

Helsti ávinningur:

- Nýr vettvangur til að hittast og eignast vini.
- Farvegur fyrir sköpunarþörfina og hljóðfæraleik í bæjarfélaginu.
- Vettvangur fyrir fólk að spila sem annars myndi ekki spila.
- Vettvangur til að þroskast andlega (Kalani, 2004).

Skólahringir, tónlistarkennarar nota trommuhringi í skólum og leikskólum til að hjálpa börnum að uppgötva gleðina við að skapa eigin tónlist og vinna með öðrum. Það að læra að deila, vinna saman, hlusta og tjá sig. Þá er líka farið í tónlistarleiki, sungið, dansað, hreyft sig og unnið með sjónlistir.

Helsti ávinningur:

- Hvetur börn til að taka þátt í upplifun sem er jákvæð og styrkir sjálfsmýnd þeirra. Gerir ráð fyrir fjölgreindum og því að barnið geri tilraunir og styrki séreiginleika sína. Skipar kennaranum í hlutverk leiðbeinanda fremur en stjórnanda, sem gerir honum betur fært að fylgjast með og meta framgang nemandans.

Þjálfunarhringir, notaðir til að þjálfa samvinnu í fyrirtækjum og til að bæta andrúmsloftið og sýna fram á mikilvægi samvinnu sem einnig á vel við í skólastarfinu.

Helsti ávinningur:

- Sýna fram á ávinning fjölbreytileika í vinnufélagahópi.
- Sýna fram á að með samvinnu nær fólk betri árangri en eitt og sér.
- Vina- eða paratengsl skila sér í betri þarvinnu í fyrirtækinu eða skólanum.

Heilsuhringir skiptast í heilsuhringi og meðferðarhringi. Margir fara í trommuhringi á líkamsræktarstöðum sér til heilsuþótar líkt og yoga og airobic. Meðferðaraðilar nota trommuhringi gjarnan á öldrunarstofnunum, geðdeildum eða endurhæfingardeildum.

Helsti ávinningur:

- Góður vettvangur fyrir skapandi tjáningu.
- Tækifæri til tjáningar án orða.

- Öflugur vettvangur fyrir bættan líkamlegan-, tilfinningalegan og andlegan þroska eða endurhæfingu (Kalani, 2004).

Reynsla höfundar af trommuhringjum í skólastarfi er sú að nemendur finna og upplifa sköpunarmátt sinn og gleði og miðla sín á milli. Nemendur finna strax að þeir geta verið virkir þátttakendur án þess að kunna á hljóðfæri og styrkjast í því að taka þátt á sínum forsendum. Allir eru með og allt samstarf í skólastofunni verður leikur einn í kjölfarið.

2.3 Gildi tónlistar í kennslufræðilegu samhengi

Samvinnunám eða *samvirkt hópastarf* (e. cooperative learning) er gefandi námstilhögun þegar flétta á tónlist saman við aðrar námsgreinar, þar er oft unnið samkvæmt nokkrum aðferðum sem flokkast undir samvinnunám. Námsaðferðin gengur út á samvinnu milli nemenda og samábyrgð. Heppilegasta uppröðunin fyrir samvinnunám er talin að láta fjóra nemendur sitja saman, tvo hlið við hlið og svo tvo á móti, en aðra uppröðun er hægt að nota ef hún hentar hópnunum betur. Hópurinn vinnur saman að ákveðnu námsefni eða úrlausn þess. Hér að neðan er minnst á nokkrar samvinnunámsaðferðir: EINN – TVEIR – ALLIR (think-pair-share), JÁ og NEI þar sem spurt er kunníð þið þetta og svarið er annað hvort já eða nei. CLIM þar sem hver og einn innan hópsins fær hlutverk í samvinnunni og einkunnarorðin eru allir geta eitthvað – en enginn getur allt. Með því að allir leggi eitthvað af mörkum er ætlast til að nemendur auki hæfni sína á ýmsum sviðum í samvinnu og skilningi nemenda þar sem þeir hlusta hver á annan og læra af því. KVL (KWL) eða kann – vil(l) læra – lærði, gengur út á að útbúin er tafla þar sem í eru fjórir dálkar og skráð er fyrirfram kunnátta og hvað nemendur vilja læra og svo í lokin hvað var lært og hvernig það var lært.

| | | | |
|------|----------|-------|--|
| Kann | Vil læra | Lærði | Hvernig lært: Námsaðferðir/leiðir. Hvað gekk vel, hvers vegna. Hvað gekk illa, hvers vegna. |
|------|----------|-------|--|

Mynd 1. KVL Kann, vil læra, lærði, hvernig lært

Í upphafi spyr kennari hvað þau viti um efnið og hvort þau hafi upplifað t.d. eitthvert ljóð og lag. Síðan fá þau fimm mínútur til að ræða saman og síðan

gerir hver hópur grein fyrir því sem þau vita. Börnin þjálfast í að hlusta, kynnast samnemendum sínum og koma vitneskju sinni á framfæri. Þetta er góð leið til að vita hvað börnin kunna og vilja læra þannig að hægt sé að taka mið af því við áframhaldandi skipulag á vinnu með þeim. Kennari skráir á töfluna það helsta sem nemendur kunna skil á t.d. sumir kunna lagið en ekki textann og aðrir hvorugt en þekkja ljóð- eða tónskáldið. Næst syngja nemendur lag og ljóð og læra hverjir af öðrum í fimm mínútur. Síðan verða aftur fimm mínútna umræður. Deilt verður út hlutverkum innan hópsins skv. CLIM kerfinu:

- stjórnandi
- skipuleggjandi/tímavörður
- kynnir/sáttasemjari
- gagnasafnari

Hafist verður svo handa við skapandi vinnu hvers hóps við að búa til sameiginlegt veggspjald með fróðleik um ljóð og lag. Veggspjaldið á að svara spurningunni: Hvað er fróðlegt að vita um ljóð og lag, höfundana og innihald textans í samhengi við námsgreinina sem verið er að samflétta tónlistina við t.d. *Komdu og skoðaðu* bækurnar? Nemendur geta farið á bókasafn og leitað uppi fróðleik í bókum. Aðrir geta farið í tölvuver og skoðað síður um skáldin og e.t.v. staðina þar sem ljóð og lag urðu til eða fæðingarstaði skáldanna. Hver hópur útfærir veggspjaldið á sinn hátt og er um aðleiðslu að ræða þar sem hugmyndirnar koma frá nemendum sjálfum. Lokaafurðin er í formi veggspjalds sem kennsluefni barnanna handa öðrum nemendum skólans eða fyrir foreldraheimsókn. Mikilvægt er að nemendur komist að einni sameiginlegri niðurstöðu en ekki sé raðað á spjaldið hugmyndum hvers og eins einstaklings úr hópnum (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 137-140). Kennari metur síðan vinnuferlið og lokaafurðina til einkunnar, en einnig gætu nemendur skilað sjálfsmati eða jafningjamati.

2.4 Hvað þarf góð skólanámsskrá að innihalda

Góð námskrá þarf að hafa upphaf og endi eins og orðið curriculum (hlaupabraut) gefur til kynna, skipulagt námsefni til yfirferðar og námsáætlun og leiðarvísi um verkferlið bæði fyrir kennara og nemendur. Í flestum skólum er annars vegar hin opinbera námskrá sem kemur frá fræðsluyfirvöldum og síðan skólanámsskráin sem er útfærð af hverjum skóla fyrir sig. Í skólanámsskrám eru áætlanir og áfangalýsingar sem skólastjórnendur og kennarar setja saman með þarfir síns skólasamfélags að leiðarljósi, sem jafnframt helst í hendur við markmið aðalnámsskrár

yfirvalda. Góð skólanámskrá byggir á markvissri teymisvinnu samhentra kennara með breiðan bakgrunn. Hver einstaklingur miðlar þar af sinni sérþekkingu og reynslu.

Meta þarf alla þætti námsins: þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í nýju aðalnámskránni um lykilhæfni námsviðsins eftir kvarðanum A-C á sem réttmætastan og áreiðanlegastan hátt. Mat er gjarnan leiðsagnarmat því það er heppilegt þar sem nemendur þurfa á stöðugri viðgjöf að halda og leiðsögn og hvatningu. Nemendur og kennarar eru fljótir að gleyma og snúa sér að nýjum verkefnum því er áriðandi að benda strax á það sem betur má fara meðan viðfangsefnið er enn í fersku minni. Sjálfsmat í einstaklingsvinnunni og jafningjamat í hópvinnunni eru góðir og þroskandi kostir. Lokamat þar sem kennari skoðar afrakstur nemenda, einstaklingsverkefni, hópverkefni, vinnubækur og verkmöppur er víða notað.

Það má hugleiða til hvers námskrá, fyrir hverja, tilgangi, gagnsemi eða hindrunum í skólastarfi. Mætti hugsa sér að námskráin þjóni svipuðum hlutverki og handrið í stiga þ.e. hjálpartæki sem þú getur stuðst við til að komast klakklaut milli hæða (skólastiga) á hættuminni hátt og sýnt þeim sem bera velferð vegfarendanna fyrir brjósti, í þessu tilfelli öllum nemendum, foreldrum, kennurum, þeim er sjá um kennaramenntun, stefnumörkun og mat á skólastarfi að fyllsta öryggis sé gætt. Hugsa má námskrá sem áttavita til að halda rétttri stefnu í kennslunni og vera samstíga þeim sem unnið er með bæði nemendum, kennurum og þjóðfélaginu í heild en ekki plagg sem njörvi allt skólastarf niður í ósveigjanlegar óumbreytanlegar skorður. Skólasamfélag hvers skóla útfæri síðan sína skólanámskrá og noti sérfræðimenntun sína og sérstöðu hvers skóla til að gera hann eftirsóknarverðan miðpunkt í lífi þeirra nemenda og kennara sem þar starfa.

2.5 Líkan Akkers

Jan van den Akker (2003) kom fram með þá myndrænu hugmynd að útskýra námskrár, námsefnisgerð og námsmat með að setja alla þættina sem koma við sögu upp í mynstur sem líkist köngulóarvef. Myndræn framsetning Akker gefur góða yfirsýn yfir það hvernig þessir þættir fléttast saman og brautina sem nemendur feta með aðstoð kennara sinna. Akker telur að það þurfi að sækja innihald námskrárinnar í þrjár uppsprettur um efnislegt val:

- Þekkingu: Fræðilegan og menningarlegan arf til að byggja á til framtíðar.

- Samfélagið: Það sem þurfi að vera í námskránni fyrir þróun og þarfir samfélagsins.
- Nemandann: Það sem sé mikilvægt frá sjónarhóli námsþarfa og áhuga nemandans.

Þetta hentar vel til að miðla tónlistararfinum, þ.e. þjóðlögnum okkar til komandi kynslóða og vekja nemendur líka til umhugsunar um tónlistararf og menningu annarra þjóða. Einnig tekur Akker tillit til einstaklingsmunar nemenda og áhugasviðs þeirra og fjölbreyttra þarfa.

Hvernig á að velja og skapa sem best jafnvægi í námskránni segir Akker:

1. Í fyrsta lagi ráðleggur hann að fækka námsgreinum, sameina það sem tekið er fyrir og forgangsraða.
2. Í öðru lagi skapa meira flæði milli þess sem lært er utan skóla og innan til að létta á álaginu.
3. Í þriðja lagi að hverfa meira frá bókarmiðaðri kennslu til hvetjandi verklegra sjálfstæðra námshátta og kemur tónlistin þar sterk inn.

Samþætting fellur vel að þessari hugmynd Akker að sameina, forgangsraða og skapa flæði mill námsgreina og þekkingar sem aflað er utan skólans t.d. hljóðfæranáms í tónlistarskóla og gefa nemendum aukin tækifæri að hagnýta sér í skólunum þekkingu sem þeir afla sér í tenglum við áhugasvið sín á öðrum vettvangi utan skólans.

Akker talar um þrjár helstu aðferðir við uppbyggingu námskrár: um markmiðalíkan Tylers, málamiðlunarlíkan Walkers og listræna nálgun Eisners (Akker, 2003, bls. 6-7).

Eftir heimsstyrjöldina síðari var Ralf W. Tylers (1902-1994) áhrifamaður meðal námskrárfræðinga. Hann lagði ríka áherslu á aðgreiningu námskrár annars vegar sem skyldi fjalla um markmið náms og kennslu hins vegar sem leiðina sem fara skyldi að markinu. Lykilhugtök Tylers og kjarninn í námskrá taldi hann vera:

- Námsmarkmiðin
- Val viðfangsefnanna
- Skipulagning námsins
- Matsleiðir

Uppspretta markmiða Tylers voru sótt í námsgreinarnar, samfélagið og nemandann sjálfan. Þetta voru almenn-, langtíma- eða lokamarkmið. Síðan

talaði Tyler um síurnar tvær, uppeldisheimspeki og sálarfræði náms, sem hjálpuðu til við að velja heppileg nákvæm námsmarkmið, skammtímamarkmið. Markmið Tyler voru svo kölluð atferlismarkmið og urðu mjög vinsæl og langlíf og hafa haft áhrif á námskrárgerð allt til þessa dags (Andri Ísaksson, 1983, bls. 28-29). Málamiðlunarmarkmið Walkers (Marsh & Willis, 2003) skipta námskrárvinnunni í grunn, málamiðlun og hönnun. Fyrst er rætt saman óformlega og síðan komist að samkomulagi um áherslur, valið og hafnað og grunnurinn lagður að innihaldinu og síðan hönnuð námskrá í framhaldinu.

Það sem gerir það að verkum að ég aðhyllist líkan Akkers er hversu myndræn og aðgengileg nálgun hans er. Einnig fléttar hann saman þrjár ólíkar nálganir sem sjá námskrána frá fleiri sjónarhornum og gefa henni aukna dýpt að mínu mati. Má þar nefna línulega aðkomu Tylers þar sem spurt er fyrst um markmiðin og hvaða viðfangsefni og skipulag séu best fyrir hvern og einn til að ná þeim og hvernig árangurinn sé metinn. Walker sem byggir námskrárgerðina á þremur stigum þar sem fyrst er rætt saman t.d. margar námsgreinar og síðan í framhaldinu teknar ákvarðanir hvað skuli vera og ekki vera í námskránni áður en hún er loks hönnuð. Eisner sem leggur áherslu á almenn markmið ólíkra greina með fjölbreyttum skapandi viðfangsefnum þar sem notaðir eru mismunandi miðlar og námsgreinarnar samþættar. Í rannsókn Anne Bamford (2011) á list- og menningarfræðslu á Íslandi hvetur hún til aukinnar samþættingar list- og verkgreina við aðrar námsgreinar og fjölbreytilega nálgun nemenda á námsefni í gegnum listir. Því tel ég líkan Akker henta vel gerð þess námsefnis sem ég hef unnið að og ætlað er að stuðla að samþættingu tónlistar við aðrar námsgreinar.

Hér að neðan er tónlistarsamþættingin mátuð inn í þættina níu sem sitja í köngulóarvef Akkers.

Markmið:

Stefnt skal að því að nemendur læri að hlusta á og njóta tónlistar af sem fjölbreyttasta tagi og tengi hana við sína menningu og aðra menningarheima og geti sett í sögulegt samhengi eftir því sem þeir hafa þroska til. Nemendur læri einnig söngtexta og njóti þess að syngja saman í hóp með skólafélögnum og e.t.v. nota skólahljóðfæri til að skreyta og skapa hughrif við upplestur og flutning á texta sínum eða annarra, s.s. ljóðum, sögum eða leikþáttum. Að nemendur geti tengt tónlist, íslenska eða erlenda, við gæðatexta í barnabókmenntum og fundið snertifleti við innihald textans hvort heldur um skáldsögur, fræðitexta eða ljóð er að ræða. Að nemendur verði læsir í víðum skilningi. Er þar átt við alla þætti

lestrarnámsins s.s. lestur, hugtakaskilning, lesskilning, orðaforða, hljóðvitund, réttitun, skrift, ritun/sköpun, tjáningu, hlustun, miðlalæsi o.s.frv. Að nemendur þjálfist í skapandi starfi með skólafélögunum og hugi að námsþáttunum sex þar sem því verður við komið.

Innihald:

Nemendur læri að hlusta á fjölbreytt tónlistarefni bæði íslenskt og erlent með eða án orða og hvernig tónverk eru uppbyggð í grófum dráttum og hlusta eftir frumþáttum tónlistarinnar: tónhæð, tónlengd, hljómum, tónblæ, tónstyrk, formi, túlkun, hraða o.s.frv.

Nemendur læri að bera saman þessa þætti við talmál íslenskunnar og umhverfishljóð og fyrirbæri í náttúrunni.

Nemendur læri að njóta gæðatexta barnabókmennta íslenskra og erlendra og hvernig má samþætta gæðatexta í fjölbreyttri vinnu við aðrar námsgreinar.

Námsathafnir:

Nemendur hlusta alltaf fyrst á söguna sem hefur orðið fyrir valinu og síðan fer fram fjölbreytt úrvinnsla textans einslega eða í hóp. Unnið er að jafnaði með hverja bók í eina viku en ferlið getur bæði verið lengra og stöku sinnum skemmra.

Tónlistarkennari hefur fundið tónlist sem hægt er að tengja bókinni á einn eða annan hátt og kemur hlustunin sem tilbreyting eða uppbrot með vinnu bókarinnar ásamt öðrum greinum s.s. myndmennt, handmennt, dansi, hreyfingu, samfélagsfræði, heimilisfræði og stærðfræði.

Hlutverk kennara:

Kennarar bera ábyrgð á kennslustundinni og undirbúningi hennar. Mikilvægt er að hefja kennslustundina vel, fanga athygli nemenda og vekja áhuga á þeirri tónlist sem á að vinna með og tengja þeim gæðatexta eða námsgrein og grunnþáttum aðalnámskrárinnar sem unnið er með hverju sinni. Kennarar velja hvaða námsefni á að nota í hverri kennslustund. Hafa verður í huga að tónlistin henti aldri og þroska nemenda og styðji við námsefnið og grunnþættina sem verið er að vinna með. Kennarar skipuleggja kennslu og fjölbreyttar kennsluaðferðir, kanna hug nemenda og hlusta á það sem nemendur hafa fram að færa og útskýra fyrir þeim vinnubrögð og aðferðir þannig að áhugi og vinnugleði nemenda haldist út ferlið. Kennarar sjá til þess að virkja nemendur til þátttöku og styðja þá og

leiðbeina þeim. Kennarar skipuleggja endi hverrar kennslustundar jafnt og upphafið og allt þar á milli þannig að námið verði merkingarbært og áhugavert og skili sér í áframhaldandi áhuga. Gefa þarf nemendum tækifæri til að ganga frá, spyrja spurninga í lokin og ræða framhaldið á jákvæðum og uppbyggilegum nótum.

Námsgögn:

Námsefnið er vönduð tónlist og vandaðar barnabækur, kennslubækur, hljómdiskar, glærur, myndbönd, skólahljóðfæri, hljómflutningstæki, skjávarpi til að sýna glærur og myndbönd auk annars búnaðar sem er til staðar í almennri kennslustofu. Einnig má huga að vettvangsferðum á bókasafnið, á tónleika, leiksýningar og upplestur rithöfunda í bæjarfélaginu ásamt því að fá aðra nemendur eða foreldra sem leika á hljóðfæri eða lesa upp bókmenntir í skólaheimsókn.

Hópaskipan:

Kennslan fer oftast fram í hefðbundinni kennslustofu og vinnulagið fjölbreytt: Einstaklingsvinna, sem fer oftast fram í hefðbundinni kennslustofu, paravinna, sem fer oftast fram í hefðbundinni kennslustofu, á bókasafni eða úti á vettvangi, hópavinna, 3-18 í hóp, og þá eru oft hóparnir blandaðir þvert á árganginn og fer gjarnan fram í hefðbundnum kennslustofum en oftar í sérgreinastofum, bókasafni, heimilisfræðistofu, íþróttamannvirkjum eða úti á vettvangi.

Staðsetning, rými:

Staðsetning kennslunnar fer eftir því hvað er á dagskrá hverju sinni og einnig eftir hópastærð:

- Almennar kennslustofur
- Tónmenntastofa
- Myndmenntastofur
- Heimilisfræðistofa
- Salur
- Íþróttasalir
- Útikennsla

Tímaskipulag:

Lengd kennslulotanna fer eftir því hvað verið er að gera, t.d. taka vettvangsferðir og þemavinna, þar sem afla þarf efnis eða heimilda, oftast lengri tíma en bókleg einstaklingsvinna.

Algengasta vinnuskipulagið er:

- 40-60 mínútna lotur
- 2-4 lotur samfleytt
- Heill þemadagur

Þegar allur árgangurinn vinnur saman og list-, verkgreina- og íþróttakennararnir vinna í teymi með umsjónarkennurum auðveldar það að hreyfa við hefðbundna 40-60 mínútna kennslustundaskipulaginu með því að kennararnir geta lagt saman kennslustundirnar sem þeim eru úthlutað í lengri sameiginlegar vinnulotur með nemendum.

Námsmat:

Meta þarf alla þætti *námsins, þekkingu, leikni og hæfni* með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá um *lykilhæfni* námsviðsins eftir kvarðanum A-C á sem réttmætastan og áreiðanlegastan hátt. Markmiðið á að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nám nemandans og hjálpa kennurum að meta hvar þeir geti gripið inn í og aðstoðað nemandann.


Það eru margar leiðir í námsmati sem getur verið bæði hlutlægar og huglægar, formlegar og óformlegar, vitsmunalegar og verklegar í formi:

- Leiðsagnarmats
- Sjálfsmats
- Jafningjamats
- Lokamats

Í þessu verkefni hefur leiðsagnarmat verið valið vegna þess að það er heppilegt sem stuðningur við námið og kennsluna sérstaklega þar sem nemendur eru mjög ungir og þurfa á stöðugri viðgjöf að halda. Sjálfsmat í einstaklingsvinnunni og jafningjamat í hópinnunni eru góðir og þroskandi kostir. Nemendur búa sér til mismunandi stjórnur sem þeir gefa samnemendum sínum eða meta eigin vinnu t.d. græna stjórn eða brosandí stjórn efnis ef mjög vel hefur gengið. Síðan gula stjórn efnis ef vel hefur gengið en hægt er á benda á eitthvað sem betur mætti fara eða yrði verkefninu til framdráttar og svo rauða stjórn efnis ef viðkomandi einstaklingur eða hópur

hefur ekki sýnt nóga vinnusemi eða samstarfsvilja. Lokamat þar sem kennari skoðar afrakstur nemenda, einstaklingsverkefni, hópverkefni, vinnubækur og verkmöppur. Einnig eru formleg lestrarpróf nokkrum sinnum á vetri þar sem lesinn atkvæðafjöldi á mínútu er skráður. Auk þess eru tekin þrjú lesskilningspróf sem fylgja „Byrjendalæsinu“ sem er ætlað að vera leiðbeinandi um stöðu nemandans í lestrarhluta námsins.

❄️ Köngulóarvefur kennslufræði Jan van den Akker ❄️



Mynd 2. Líkan Akker, köngulóarvefurinn

Líkan Akker hentar vel með samþættingu tónlistar við aðrar námsgreinar á yngsta stigi í huga. Getur það þjónað sem grunnurinn að skipulagningunni þar sem kennarar geta sameinast um hvernig ferli kennslunnar skuli háttað eins og rakið var hér að ofan, þ.e. markmið, innihald, námsathafnir, hlutverk kennara, námstögn, hópaskipan, staðsetning (rými), tímaskipulag og námsmat. Í þessu ferli ættu allir kennarar og nemendur að geta athafnað sig. Hvað tónlistina varðar gætu tónlistarkennarar notað kennsluaðferðir Kodály (Choksy, 1974), Orff (Frazee og Kreuter, 1987), Dalcroze (Schnebly-Black & More, 2003), Suzuki (Suzuki, 1969) o.fl. sem algengar eru í

tónlistarkennslu og flestir tónlistarkennarar eru á heimavelli í og notað um leið listræna nálgun Eisners (Eisner, 2004) og mætt nemendum á grunni fjölgreindakenningar Gardners (Booth og O'Brien, 2008) þar sem allir fengju notið styrkleika sinna.


2.6 Hvað liggur til grundvallar góðu tónlistarnámsefni

Gott tónlistarnámsefni þarf að vera kennslufræðilega vel skiplagt af velmenntuðu tónlistarfólki með góða yfirsýn og markmiðssetningu á stigvaxandi nálgun á grunnþáttum tónlistarinnar og haldast í hendur við aldur og þroska nemenda. Sé það ætlað til samþættingar þá þarf það að taka mið af þeim námsgreinum sem á að samþætta við og helst að opna nýja og dýpkandi sýn á það. Einnig þarf það að virka hvetjandi og skemmtilegt þannig að það dragi nemendur til sín og örvi sköpunarkraft þeirra. Markmið tónmenntakennslu er að nemendur séu virkir þátttakendur, fái að upplifa en séu ekki eingöngu þiggjendur sem taki á móti fræðslu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013). Því þarf tónlistarnámsefni að hvetja nemendur til upplýsingaöflunar, ígrundunar og endurskoðunar á fyrri reynslu og þekkingu ásamt því að hvetja til skapandi tónlistarflutnings eða reynslu. Í tónlistinni sameinast skilningur, upplifun og sköpunarkraftur nemendanna (Hovdenak, 2007).

2.7 Samþætting og einstaklingsmiðun


Talað er um þrjú stig samþættingar: tengt (e. connected), gagnkvæmt (e. correlated) og samþætt (e. integrated) (Snyder, 2001). Á síðustu árum hefur fjöldi rannsókna leitt í ljós að æskilegt sé að samþætta tónlist við aðrar námsgreinar og því fylgi bæði námslegur og félagslegur ávinningur (Jensen, 2000; Kirschner & Tomasello, 2009, 2010; Eerola & Eerola, 2013; Davies, Ohl & Manyande, 2013). Með kenningum Gardners kom aukin hreyfing í þá átt að samþætta námsgreinar (Snyder, 2001). Í bók sinni *Music with the Brain in Mind*, útskýrir Eric Jensen (2000) mikilvægi tónlistar, hvernig með heilaskanna (fMRIs og PET) sé hægt að mæla áhrif tónlistar á heilastarfsemina. Hann segir fræðimenn sammála um að tónlist auki lífsgæði. Fram hafi komið að við skemmdir á ákveðnum heilasvæðum hafa tónlistarhæfileikar tapast. Tónlistariðkun hefur áhrif á þroska vitrænna kerfa þar á meðal rökfærslu, skapandi hugsunar, ákvörðunartöku og lausn vandamála. Hvað gerist segir hann vera að tónlistin vekur og samhæfir taugaboð sem stjórna og tengja vitsmunalegar heilastöðvar (Jensen, 2000). Fyrsta skrefið til samþættingar er tenging. Þá eru tengdar saman námsgreinar, þ.e. ein námsgrein þjónar annarri. Tónlist er þá t.d. notuð í

þemavinnu án þess að bent sé á tónlistarleg atriði og þjónar því aðeins hinni námsgreininni, gerir hana skemmtilegri. Næsta skref er samtengd nálgun þá skarast námsgreinarnar að einhverjum hluta sem þjónar þá jafnt báðum námsgreinum. Full samþætting er svo þegar ákveðin hugmynd eða efni er skoðað út frá mörgum námgreinum samtímis og allar hafa jafnt vægi (Snyder, 2001).



Mynd 3. Þrjú stig samþættingar

Einstaklingsmiðun krefst þess að komið sé til móts við þarfir einstakra nemanda og getur oft reynst ærið erfitt. Í almennum hluta nýju námskrárinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 40) er gert ráð fyrir að meginhlutverk grunnskólans sé að stuðla að þroska allra nemanda og námið fari fram í hvetjandi umhverfi. Einnig sé tekið mið af persónugerð, hæfileikum og áhugasviði nemendanna. Þarf að bregðast við fjölbreytileika nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum og aðlögun námsefnis þannig að það taki mið af fjölbreytileikanum og mismunandi námsaðferðum. Námsefni þarf að fela í sér ákveðinn sveigjanleika þannig að það geti fullnægt hlutverki sem krefjandi námsefni sem sé sniðið fyrir alla, þ.e. þjóni sem einstaklingmiðað námsefni en ekki efni handa meðalnemandanum en skilji eftir nemendur á báðum endum. Carol Ann Tomlinson hefur skrifað mikið um einstaklingsmiðun og hvernig námsefnið þarf að þjóna fjölbreyttum námsháttum nemenda og vera sveigjanlegt. Hún útskýrir þetta vel á Mynd 4 (Tomlinson, 1999, bls. 15).



Mynd 4. Einstaklingmiðaðir kennsluhættir í anda Carol Ann Tomlinson

2.8 Mikilvægi samstarfs grunnskóla, tónlistarskóla og nærsamfélagsins

Í mörgum sveitarfélögum er gott samstarf grunnskóla og tónlistarskóla og í mörgum tilfellum fer tónlistarkennslan fram innan veggja grunnskólans. Þetta er ekki óeðlilegt þar sem nú orðið er rektur flestra tónlistarskólanna í höndum sveitarfélaganna. Í sumum tilfellum eru kennarar tónlistarskólanna einnig tónmenntakennarar grunnskólans einkum í smærri sveitafélögum. Þetta gefur aukið svigrúm til samstarfs og slær oft á einangrun tónmenntakennaranna í starfi og auðveldar skapandi vinnu þar sem

tónlistarnemendur fá aukið tækifæri til að nýta tónlistarþekkingu sína í bekkjarstarfi. Þar er stigið skref í áttina til samþættingar þar sem annar fóturinn er kominn inn í grunnskólann en hinn þarf að fylgja með þannig að skrefið verði stigið til fulls í samþættingunni og samstarfi grunnskóla og tónlistarskóla. Í mörgum tilfellum koma foreldrar og sitja tónlistartíma barna sinna sem fram fara á grunnskólatíma og margir hverjir hafa ýmislegt fram að færa sem þeir gætu miðlað inn í bekkina í sömu ferð. Það er marg reynt að samstarf heimilis og skóla hefur jákvæð áhrif á námsferil barnanna og ber því að stuðla að sem bestum samskiptum við foreldra (Berthelsen & Walker, 2008).

2.9 Starfskenning og hlutverk tónlistar- og umsjónarkennara

Það er talað um starfskenningu kennara sem þann grunn sem hann byggir starf sitt með nemendum á. Starfskenningin er samofin úr námi, reynslubrunni og persónueinkennum kennarans sem hefur litast af menningarumhverfinu sem hann hefur lifað og hræst í. Það er skylda kennara að sýna nemendum inn í heim listarinnar og þá lífsfyllingu sem hún býður upp á. Úr þessum jarðvegi skapast tækifæri til að flétta saman tónmenntina, námsgreinar, svo sem móðurmál, tungumál, stærðfræði, náttúru- og samfélagfræðigreinar, handmennt, smíðar, myndmennt, heimilisfræði og íþróttir.

Með svona samþættingu eru kennarar samvirkar fagmanneskjur þar sem samábyrgð og fagleg þróun skólastarfsins er höfð að leiðarljósi en á sama tíma eru kennarar sjálfstæðar fagmanneskjur á sínu sérviði sem fylgjast með nýjum stefnum og straumum í gegnum endurmenntun í sínum fögum og miðla sín á milli. Kennarar bera ábyrgð á kennslustundinni og undirbúningi hennar og velja sér í flestum tilfellum kennsluaðferð og þá oft í samráði við aðra kennara í árgangi. Mikilvægt er að hefja kennslustundina vel, fanga athygli nemenda og vekja áhuga á þeirri tónlist sem á að vinna með og tengja þeim námsgreinum og grunnþáttum aðalnámskrárinnar sem unnið er með hverju sinni.

Kennarar velja hvaða námsefni á að nota í hverri kennslustund. Hafa verður í huga að tónlistin henti aldri og þroska nemenda og styðji við námsgreinina sem verið er að samtvinnna hana við og undirliggjandi grunnþætti að því marki sem ákveðið hefur verið. Kennarar skipuleggja kennslu og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, kanna hug nemenda og hlusta á það sem nemendur hafa fram að færa og útskýra fyrir þeim vinnubrögð og aðferðir þannig að áhugi og vinnugleði nemenda haldist út ferlið. Kennarar sjá til þess að virkja nemendur til þátttöku og styðja þá og leiðbeina þeim

þannig að námið verði merkingarbært og áhugavert og skili sér í áframhaldandi áhuga. Kennarinn skipuleggur endi hverrar kennslustundar jafnt og upphafið og allt þar á milli.

Ábyrgð kennarans er því mikil og því mikilvægt að kennarinn sé vel menntaður með breiða þekkingu og góða yfirsýn yfir svið tónlistarinnar þannig að vinnan með nemendum verði fjölbreytt og markviss. Gefa þarf nemendum tækifæri til að ganga frá, spyrja spurninga í lokin og ræða framhaldið á jákvæðum og uppbyggilegum nótum. Hugmyndafræði Elliots Eisner (Eisner, 2004) og Howard Gardner (Booth og O'Brien, 2008) falla einkar vel að listum og samþættingu listgreina við aðrar námsgreinar. Eitt af aðalsmerkjum góðra kennara er sveigjanleiki, víðsýni og aðlögunarhæfileiki kryddað með góðlátlegum húmor og það að taka sig ekki of hátíðlega, þora að fara nýjar leiðir, láta sér mistakast og læra af mistökunum. Þessi lýsing á við stóran hóp kennara og því má binda vonir við að samþætting tónlistarinnar við aðrar námsgreinar eigi eftir að aukast með grunnstoðir í grunnþáttum aðalnámskrárinnar.

Þar sem best tekst til á þessi lýsing við um kennarahópinn. Ef áhugasamur tónmenntakennari er starfandi við skólann ætti hann að geta í samvinnu við umsjónar- og faggreinakennara samþætt tónlistina öðrum námsgreinum. Hann gæti hjálpað nemendum við að flétta saman hinar ýmsu námsgreinar með stoðir í grunnþáttum aðalnámskrárinnar án þess þó að ganga á hlut tónmenntarinnar sem námsgreinar, heldur gera nemendum kleift að nýta og njóta þeirrar færni og leikni sem þeir hafa öðlast í tónlist. Með þessu námsefni er einnig umsjónarkennurum sem ekki hafa tónlistarlegan bakgrun gert kleift að tengja tónlist við náttúru- og samfélagsfræði bækurnar *Komdu og skoðaðu* á grunni „Byrjendalæsis”.

Vonandi ber okkur gæfa til að efla tónmenntafræðslu í landinu bæði fyrir kennara og nemendur og víkka út sjóndeildarhringinn og gefa henni aukið vægi með að samþætta við aðrar námsgreinar eins og á fyrstu árum tónmenntakennslunnar fyrir u.þ.b. 40 árum þegar söngkennsluformið var víkkað út í tónmenntakennslu.

2.10 Samþætt kennsluefni við „Komdu og skoðaðu” bækurnar á grunni „Byrjendalæsis” þar sem tónlistin er rauði þráðurinn

Hugmyndin að námsefninu kviknaði á starfsvettvangi höfundar í grunnskóla þar sem ekki hefur fengist tónmenntakennari til starfa. Hafandi reynslu af tónlistarkennslu sem hefur nýst í bekkjarstarfi leiddi hugann að því hvernig hægt væri að koma öðrum kennurum í svipaðri stöð sem ekki hefðu

tónlistarþekkingu til hjálpar við að samþætta tónlist hjálparlaust við aðrar námsgreinar. Námsefnið á þannig að geta nýst umsjónarkennurum hvort heldur þeir njóta aðstoðar tónmenntakennara eða þurfa að standa á eigin fótum.

Ástæðan fyrir að lestrarkennsluaðferðin Margir grunnskólar kenna nú eftir lestrarkennsluaðferð „Byrjendalæsis“ varð fyrir valinu er að hún er notuð í skólum bæjarfélags höfundar og velflestir nota einnig meðal annars náttúru- og samfélagsfræði efnið *Komdu og skoðaðu bækurnar* og er svo víða um land. Því má ætla að margir geti nýtt sér þetta efni.

„Byrjendalæsi“ er sveigjanleg kennsluaðferð sem gerir kennaranum kleift að velja fjölbreyttan gæðatexta sem hentar getu og áhugasviði nemenda og gefur tilefni til fjölbreyttra kennsluaðferða sem henta vel til samþættingar við söng-, hlustunarefni og tónlistarviðfangsefni í þessu námsefni.

„Byrjendalæsi“ hefur verið þróað undir hatti samvirkra aðferða. Helstu þættir sem hafa verið lagðir til grundvallar „Byrjendalæsis“ eru:

- Samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar sem grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Vinna þarf jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða og öryggi og lesskilning. Fyrir vikið er unnið t.d. með hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.
- Tileinkun orðaforða er mikilvæg í lestrarnámi enda er hann undirstaða góðs skilnings.
- Takturinn í lestrarvinnu nemenda er frá heild til eindar og aftur til heildar.
- Gæðatexti (hér er átt við almennar bækur sem eru skrifaðar fyrir börn en ekki einfaldar kennslubækur) er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og efni hans rætt ítarlega. Öll tæknileg vinna sprettur úr þeim efnivið sem felst í gæðatextanum. Lykilorð úr textanum eru nýtt til innlagnar á öllum helstu tæknilegum þáttum lestrarnámsins.
- Því meira sem nemendur fást við lestrartengd verkefni, þeim mun meiri líkur eru á árangri.
- Nemendur koma með misjafna þekkingu í lestrarnámið. Þeir þurfa að geta lært hlið við hlið en um leið fengið ögrandi viðfangsefni við hæfi hvers og eins.
- Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu.
- Gengið er út frá því að árangursleysi megi frekar tengja ófullnægjandi kennslu en vanda nemenda.

- Í kennslu er lagt upp úr sýnikennslu og stuðningi og nemendur læra vinnubrögð sem eru líkleg til að hjálpa þeim að verða greinandi og sjálfstæðir lesarar.
- Lestrarnámið þarf að vera skemmtilegt og bjóða upp á samskipti, skapandi hugsun og tjáningu.
- Kennarar safna upplýsingum um gengi nemenda í daglegu starfi. Í stað þess að leiðrétta og láta nemendur endurgera verkefni, skipuleggja þeir ný viðfangsefni þar sem nemendur fá ítarlega leiðsögn og tækifæri til æfinga.

„Byrjendalæsi“ er í þremur þrepum:

1. þrep: Inntak texta (upplestur, umræður, upprifjun, þátttökulestur).
2. þrep: Tæknilegir þættir lestrarnáms (sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni, hljóðvitund, skoðun á ritmáli, stafir, orðhlutar, orð, LYKILORD).
3. þrep: Enduruppbygging merkingar (leiðbeinandi lestur, sjálfstæður lestur, ritun stafa, orða og setninga, nýr texti saminn) (Rósa Eggertsdóttir o.fl., 2010, bls. 7-9).

Markmið Byrjendalæsis í lestrarkennslu er að auka almenna lestrarfærni nemenda á fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar. Vinnubrögð „Byrjendalæsis“ taka mið af kenningum um samvirkar aðferðir (Interactive models), þ.e. samþættar eindar- og heildaraðferðir. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að lesa út frá merkingarbærum textum þar sem jöfnum höndum verður lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs, sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir (Intergrated language arts model). Jafnframt verður lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Móðurmálsnám verði heildstætt sem þýðir að öll vinna tengd lestri og ritun er felld að aðferðinni „Byrjendalæsi“ (Rósa Eggertsdóttir o.fl., 2010, bls. 13).

Þegar bók hefur verið valin sýnir kennarinn börnunum hana, höfundur er kynntur, titillinn lesinn og kápan skoðuð og spáð fyrir um út frá henni um hvað bókin snúist, hvert söguviðið sé o.s.frv. Næst er sagan lesin í heild sem hver önnur yndislesning. Næsta dag er sagan lesin aftur og staldrað við erfið orð og persónur og fyrirbæri rædd, spurt og svarað. Síðan er unnið með textann á fjölbreyttan hátt einstaklingslega og í hópum og þar er tilvalið að tónlistin og aðrar námsgreinar komi inn í til að styðja við og auka á fjölbreytni í aðkomu að gæðatexta bókarinnar t.d. *Komdu og skoðaðu* bók. Þrjú stig samþættingar koma þar til greina allt frá tengingu þar sem tónlistin er notuð til að þjóna náttúru- og samfélagsfræðibókunum, sem oft er fyrsta tilraun til samþættingar. Gagnkvæm samþætting þar sem tónlistin og hinar námsgreinarnar eiga einhvern sameiginlegan snertiflöt og svo full

sambætting þar sem öllum námsgreinunum er gert jafn hátt undir höfði þegar þær skoða þema eða viðfangsefni.

Námsefnisflokkurinn *Komdu og skoðaðu* samanstendur af nemendabókum og fjölbreyttu námsefni á vef með kennsluleiðbeiningum, leikjahugmyndum, gagnvirkum verkefnum, sögum og fleira. Efnið er einkum ætlað nemendum í 1.–4. bekk og við gerð þess var tekið mið af áherslum í nýrri námskrá í náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Í *Komdu og skoðaðu* bókunum er víða komið við í samfélaginu og náttúrunni sem við lifum og hrærumst í. Bækurnar eru þannig fram settar að það er á valdi kennarans hversu djúpt hann kafar í innihaldið í vinnunni hverju sinni með nemendum. Því má hafa bækurnar sem grunnefni í bekkjarstarfi í öllum bekkjum á yngsta stigi grunnskólans og dýpka skilninginn í miskrefjandi verkefnum ár eftir ár eftir aldri og þroska nemenda. Hér að neðan er að finna heiti þeirra bóka sem hafa verið gefnar út og sést að þær koma víða við og gefa óþrjótandi möguleika á tengingum við áhugaverð verkefni þar sem öllum námsgreinum er gert jafn hátt undir höfði og hægt að skapa nemendavænt námsumhverfi fyrir margbreytilegan nemendahóp jafnt innan veggja skólans og út á vettvangi samfélagsins í samvinnu kennara þvert á námsgreinar og gjarnan með aðkomu foreldra og nærsamfélags.

- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu eldhúsið
- Komdu og skoðaðu hafið
- Komdu og skoðaðu tæknina
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Komdu og skoðaðu hringrásir
- Komdu og skoðaðu sögu mannkyns
- Komdu og skoðaðu landakort
- Komdu og skoðaðu bílinn
- Komdu og skoðaðu landnámið
- Komdu og skoðaðu fjöllin
- Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera
- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti

3 Helstu kenningar og kennsluaðferðir í tónlistarkennslu barna

Margar kennsluaðferðir eru notaðar við tónlistarkennsluna og markast af því hverjum þær eiga að þjóna og við hvaða aðstæður. Hér að neðan verður minnst á nokkrar þær helstu sem hafa haft áhrif tónmenntakennslu og námsgagnagerð hérlendis á undanförunum árum.

Zoltán Kodály (1882-1967) var ungverskt tónskáld og kennari. Hann undraðist hve nemendur í tónlistarháskólum landsins voru slakir í að lesa og skrifa tónlist og hversu lítið þeir vissu um sinn tónlistararf. Hann gerði það að ævistarfi sínu að reyna að bæta tónlistarfræðslu kennara og eins og hann sagði sjálfur: „Það er mikilvægara hver er tónlistarkennari í smáþorpi en hver stjórnar óperunni í Budapest...Því slæmur stjórnandi fær aðeins að láta sér mistakast einu sinni, en slæmur kennari fær að láta sér mistakast í 30 ár og eyðileggja ást jafn margra árganga nemenda á tónlist.“ (Choksy, 1974). Kodály vildi að allir fengju að öðlast tónlistarlæsi burtséð frá efnahag eða hvar þeir stæðu í þjóðfélagsstiganum. Hann safnaði þúsundum ungverskra barnalaga ásamt tónskáldinu Bartók og var það grunnurinn að miklu þjóðlagasafni þar sem ungversku þjóðlögin eru skráð, flokkuð og greind (*Corpus Musicae Popularis Hungaricae*). Kodály benti á að börn læra móðurmálið áður en þau fara að læra önnur tungumál og þannig ættu þau að læra þjóðlögin sín fyrst þar sem lögin féllu best að textanum, þ. e. ljóðið væri ekki látið aðlagast laginu. Pentatóníski (fimmtóna) tónstiginn var áberandi í ungversku þjóðlögum og undirstrikaði einfaldleika þeirra. Hann benti á að þjóðlög væru lifandi listform sem hefði verið lengi til og í stöðugri þróun ekki tilbúið námsefni til kennslu. Kodály lagði áherslu á að nota þjóðlög í sem upprunalegustu mynd fyrir börn. Honum var ljóst að það þyrfti að brúa bilið milli þjóðlagatónlistarinnar og æðri tónlistar og því fór hann að semja lög fyrir barnakóra í kringum árið 1923.

Kodályaðferðin byggir fyrst og fremst á söng. Notuð eru þjóðlög og frumsamin lög. Lögin eru lærð með Solfakerfinu og fyrsta tónbilið er lítil þríund. Tilgangurinn er tvíþættur: Að efla félagslegan og listrænan þroska barna og skapa tónlistarlæsa fullorðna einstaklinga. Fyrsta verkfærið sem notað var í Kodályaðferðinni var færanlega “do-ið” sem var þróað af Guido d’Árezzo á 11. öld. Í þessu kerfi er “do” grunntónninn í Dúr-tóntegund og “la” í moll. Verkfæri tvö er hrynkerfið “ta-ti-tí”. Þriðja verkfærið handahreyfingar sem eiga rætur að rekja til John Curwen 1870 og styðja hreyfingu laglínunnar. Öll þessi verkfæri hafa verið notuð áður stök eða öll

saman og eru ekki einstök fyrir Kodály. Það sem er einkennandi fyrir aðferðina er kennslufnið sem á rætur að rekja í þrjár uppsprettur:

1. Upprunalega barnaleiki og vögguvísur
2. Upprunaleg þjóðlög
3. Góða frumsamda tónlist af viðurkenndum tónskáldum

Íslendingar eru ríkir hvað varðar þjóðlög og var séra Bjarni Þorsteinsson sá sem gerði hvað mest í að safna og bjarga íslensku þjóðlögum frá glötun og er nú starfrækt þjóðlagasetur honum til heiðurs á Siglufirði. Íslensk þjóðlög eru vefallin til að kenna börnu söng því þau falla svo vel að ljóðunum, þ.e. lögin hafa orðið til við textann. Það virðist vera vakning fyrir að nota þjóðlögin í tónsmíðum í dag. Í þessu námsefni er reynt að koma þeim að sem mest til að viðhalda tónlistarfinum.

Carl Orff (1895-1982) var þýskt tónskáld sem þróaði hópkenntu aðferð fyrir ung börn þar sem söngur var studdur með skólahljóðfærum s.s. tré- og málmspilum og öðrum slagverkshljóðfærum. Herma, kanna, lesa og spinna eru meginþættir Orffaðferðarinnar. Nemendur fá mörg tækifæri til að nálgast viðfangsefnið og þroska sjálfstæða tónlistarhæfileika sína. Eitt aðaleinkenni Orff er ostinato eða þrástef annað hvort hrynstef eða laglína. Getur verið endurtekinn tónn (pedalnóta), eða 1. og 5. tónn spilaðir saman sem hljómur (bordun). Unnið er mikið með ásláttarhljóðfæri.

Herma: Herma eftir um leið. Nemendur þjálfa grófhreyfingar, hrynmyndur, hóppúls o.s.frv. Nemendur nota búkhljóð með því að yfirlæra hrynmyndur yfir á ásláttarhljóðfæri og skapa e.t.v. hljóðsögur.

Geymd eftirherma: Til dæmis bergmálsleikir, einn klappar og svo klappar hinn það sama til baka.

Eftirherma sem skarast: Kennarinn kennir nemendum að klappa ákveðið hrynmyndur og síðan annað sem á að breyta yfir í þegar ákveðið lykilorð er sagt.

Kanna: Kennari hvetur nemendur til að finna nýjar leiðir til að nota eitthvað sem þeir hafa lært t.d. breyta um hraða, hljóðfæri, styrk, blæ o.s.frv.

Lesi: Nemendur læra oftast að spila áður en þeir hafa lært að lesa og nota þá eigin tákni til að skrá verk sín.

Spinna: Í spuna sýna nemendur sjálfstæði sitt, hvers þeir eru megnugir án íhlutunar kennarans. Dæmi um einfaldan spuna er að kennarinn klappar eða spilar stutta hendingu og nemandinn svarar.

Í þessu námsefni er hvatt til að klappa hrynmynstur í anda Orff og kanna hljóðheiminn og finna nýjar leiðir s.s. mismunandi hraða, blæ og styrk.

Heimspeki Svisslendingsins *Emile Jacques-Dalcroze* (1865-1950) skiptist í þrjá helstu þætti:

1. Spunahreyfingu (eurythmics (góður taktur)). Unnið er með ákveðna tónlist, lög eða einingar í tónlist s.s hrynmynstur og notað til þess líkamshreyfingar og æfingar með áherslu á hryn, púls, laglínu hendingar, form, styrkleikabreytingar og blæbrigði til að miðla tónlistinni. Líkaminn er uppspretta allra tónlistarhugmynda og hreyfing hefur áhrif á alla tónlistarskynjun.
2. Solfa söngkerfið (solfege), sem snýst um tóna, tónbil, laglínur og hljóma í gegnum söng, heyrnarþjálfun og tónfræði en með hugtökum og aðferðum Eurythmics.
3. Spuna (improvisation), píanó-spuni þar sem Eurythmics og Solfege þjálfunin sameinast við hljómborðið.

Þessir þrjú þættir fléttast allir saman á sameiginlegum hugmyndafræðilegum grunni. Þættirnir skarast bæði hvað varðar inntak og framkvæmd. Sérhver þessara þátta felur í sér alla undirþætti tónlistar.

Þrjár grunnforsendur:

Reynsla á undan fræðum: Tónlistarhugtök eru fest í sessi með virkni og reynslu í gegnum skynfærin. Í gegnum reynslu eyrans, hugans og líkamans öðlast afstæð tákni og nótnaskrift tónlistarlega merkingu.

Hlustun: Í Dalcroze aðferðinni snýst tónlistarmenntun um hljóð og hið heyrnræna. Jafnvel nótur, sem tónlistarleg tákni, fá heyrnræna merkingu en ekki aðeins sjónræna.

Fjögur skref:

1. Að bregðast við, skynja og skilja
2. Ímynda sér, endurskapa og spinna
3. Þekkja, lýsa eða skrifa niður
4. Semja eða skapa

Spuni: Nemendur læra að spinna til að dýpka tónlistarreynslu sína en spuni er einnig góð leið til að sýna tónlistarlegan skilning í verki. Kennarinn

notar spuna í kennslustundum bæði í tónlistarlegum skilningi og í uppeldisfræðilegum skilningi þar sem mikilvægt er að kennsluferlið sé sveigjanlegt og geti brugðist við nemendum (Schnebly-Black & More, 2003).

Í þessu námsefni eru nemendur hvattir til að bregðast við tónlist með hreyfingu og semja látbragð við texta og spinna.

Shinichi Suzuki (1898-1998). Suzukiaðferðin öðru nafni móðurmálsaðferðin, byggir á að einstaklingurinn nái eins langt og hann hefur getu til á hljóðfæri og þroskist jafnframt sem jákvæður einstaklingur í nærandi umhverfi. Þar lærir barnið á sínum hraða í smáum skrefum. Barnið lærir fyrst að hlusta, síðan spila, svo lesa nótur og að lokum skrifa þær, á sama hátt og það lærir móðurmálið. Allir geta lært sé umhverfið jákvætt og hvetjandi. Allir ná að læra tungumálið sitt og fannst Suzuki forvitnilegt að athuga hvernig það nám færi fram og hvort ekki væri hægt að heimfæra það á annað nám t.d. tónlistarnám frá ungaaldri. Margir grunnskólanemendur stunda Suzuki nám (Suzuki, 1969).

Lög og textar í þessu námsefni má læra eftir móðurmálsaðferðinni, kennarinn syngur eða hefur yfir ljóðlínur og nemendur herma eftir og læra þannig eina og eina hendingu í einu.

Elliot Eisner (1933- 2014) lagði mikið af mörkum til að efla listræna sýn á skólastarf. Hann hélt því fram að það síðasta sem við þyrftum á að halda í lýðræðisþjóðfélagi væri námskrá sem passi öllum. Námskrá þar sem lokamarkmiðið væri hið sama fyrir alla og öllum væri ætlað að ná. Hver og einn þarf sérsniðna námskrá eigi hún að falla að þörfum hans. Eisner talar um kennslumarkmið og tjáningarmarkmið. Kennslumarkmiðum Eisner svipar til atferlismarkmiða þar sem nemendur vinna með eitthvað í tengslum við menningararf samfélagsins í þessu tilfelli tónlist og stefna að því að ná valdi á einhverju ákveðnu efni, hugtökum og vinnuaðferðum t.d. við hljóðfæraleik. Tjáningarmarkmiðin hafa engin lokamarkmið, tilgangurinn er að nemandinn vinni með nýtt efni og fái útrás við að þjálfa sig í gagnrýnni og skapandi hugsun og rökstuðningi á eigin ákvarðanatöku.

Eisner vill að við styrkjum nemendur að takast á við að lifa og hrærast í nútímasamfélagi en ekki að undirbúa þá fyrir framtíðina sem við höfum enga hugmynd um hvernig kemur til með að verða.

Eisner leggur áherslu á að leiða saman kennslufræðina og listina og telur hugsunina eiga rætur í listinni og líkja megi kennslu við list þar sem aðstæður sem efla sköpunargáfuna eru fyrir hendi. Þessi þörf sé mjög rík í mannskepnunni og við þurfum að hlúa að henni í skólakerfinu með góðri

mynd- og tónlistarkennslu. Eisner talar um það sem felst í orðinu listaverk. Þar á hann við fullunnið verk (hlut eða afurð) og einnig verkferlið eða vinnuna (verk að vinna).

Eisner segir að með listkennslu hjálpum við nemendum að auka næmni skynjunar. Einnig að þroska hugsanaferlið sem hjálpar þeim að skilja sitt innra eðli og að njóta listarinnar á sínum forsendum án þess að þurfa að útskýra eða réttlæta upplifunina. Eisner segir að fólk sem ekki hefur bakgrunn í listum til að njóta listaverka fari mikils á mis.

Eisner segir að námskráin eigi að taka mið af nemandanum, samfélaginu og fræðigreininni. Námskráin geti jafnvel komið í kjölfar kennslunnar sem á að vera fjölbreytt og gefur kennaranum mjög frjálsar hendur með kennsluaðferðir, námsumhverfi og námsmat. Aðalinntak námsins sé reynslan og upplifunin af vinnunni en ekki lokaárangurinn (Eisner, 2004, bls. 3). Það er athyglisvert sem Eisner segir um þá skóla sem vanrækja menningarform eins og listir, að þeir komi til með að útskrifa háflæsa einstaklinga, einstaklinga sem segi að listir séu eitthvað sem aðrir en þeir fái notið. Viðhorf Eisner gagnvart listum og skólastarfi ríma vel við hugmyndir um samþættingu tónlistar við aðrar námsgreinar og námsþættina sex. Framtíðin er hér og nú, við þurfum að ala upp tónlistarunnendur framtíðarinnar í dag, fá þá til að auðga ímyndunaraflíð og þannig verða opnir fyrir því sem gerist á tónlistarvettvanginum í framtíðinni og kunna að njóta þess hvar sem þá rekur á land í veröldinni.

Í þessu námsefni er lögð áhersla á að þjálfa næmni nemenda fyrir tónlist og ljóðum og skapa og njóta sín í námsferlinu.

Tæpri öld eftir að menn fóru að mæla greind setti *Howard Gardner* (1943-) fram fjölgreindakenningu sína. Hann sagði að varhugavert væri að mæla greind með einni tölu því greindirnar væru sjö og síðar bætti hann við þeirri áttundu sem er sá fjöldi sem flestir ganga út frá í dag og hann telur alla hafa en í mismiklu mæli. Gardner telur að fái börn örvun frá umhverfinu og tækifæri til að iðka og þjálfa greind sína komi þau til með að leysa vandamál og búa til afurðir í samspili við umhverfið. Hér reynir á kennara og foreldra að sjá fyrir um hvaða greind sé líkleg til að blómstra sé henni veitt brautargengi sem ætti að falla vel að einstaklingsmiðuðum kennsluháttum (Booth & O'Brien, 2008). Greindir Gardner eru sem hér segir:

Málgreind: hæfileikinn til að vinna með tungumál. Fólk með mikla málgreind hefur gjarnan mikinn orðaforða, skrifar góðan texta, á auðvelt með að flytja ræður og að læra erlend tungumál.

Rök- og stærðfræðigreind: hæfileikinn til óhlutbundinnar hugsunar, rökhugsunar og að vinna með tölur og mynstur. Rök- og stærðfræðigreindir eru gjarnan góðir í stærðfræði, vísindum og forritun, svo dæmi sé tekið.

Rýmisgreind: hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar. Hafi menn mikla rýmisgreind eiga þeir auðvelt með störf þar sem unnið er með liti, lögun, form og svo framvegis, svo sem listir, handverksgerð og arkitektúr.

Líkams- og hreyfigreind: hreyfigeta og færni til líkamstjáníningar. Dansarar og íþróttamenn falla flestir í þennan flokk.

Tónlistargreind: hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist. Tónlistargreindir eru taktnæmir og hafa gott tóneyra.

Samskiptagreind: hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Fólk með háa samskiptagreind sómir sér oft vel sem kennarar, stjórnámamenn eða sölumenn.

Sjálfsþekkingargreind: þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. Fólk sterkt á þessu sviði hefur gjarnan áhuga á trúmálum og sálfræði.

Umhverfisgreind: hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Fólk með háa umhverfisgreind er næmt fyrir umhverfi sínu: jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis. Það er gjarnt til að velja sér starfsgreinar eins og náttúrufræði og umhverfisfræði (Booth og O'Brien, 2008).

Í ljósi fjölgreindakenningar Gardners ættu öll börn af fá notið sín í samþættu námi þar sem þau nota styrkleika sína og miðla öðrum og njóta styrkleika annarra og læra af þeim. Í grein Manford (1997) *Correlating Music with other Subjects*, eru fjölmargar athyglisverðar tillögur að samþættingu. Höfundur talar um innihaldsmarkmið hinna ýmsu námsgreina og hvernig þau tengjast tónlist:

Tónlist: Einkenni tóna, styrkur, hár eða lágur tónn, lengd og blæbrigði.

Vísindi: Einkenni hljóðbylgja stærð, tíðni, bylgjulengd og lögun.

Tónlist: Samband einstaks tóns og púls (hálf lengd, helmingi lengri, o.s.frv.)

Stærðfræði: Tölur, tvisvar sinnum meira, helmingi minna, einn fjórði, jöfn bil eða jafn langt.

Tónlist: Tónlist ákveðinna menningarhópa sem endurspeglar loftslagið, náttúruauðlindir og landslag.

Samfélagsfræði: Mynstur í atferli fólks sem tilheyrir ákveðinni menningu og samspil þess við náttúruna og landslagið.

Tónlist: Tónlistin tjáir hugmyndir með samspili blæbrigða, tónhæðar og lengdar.

Myndlist: Myndlistin tjáir hugmyndir með samspili lína, forma og lita.

Höfundur segir að það sér erfiðara að greina líkamlega færni en vitræn markmið og erfitt sé t.d. að gera sér grein fyrir hvort sú fingrafærni sem píanóleikur krefst yfirfærast sem færni og lipurð í að vélrita. Hann telur þó

að óyggjandi sannanir liggja fyrir um tengsl tónlistar annars vegar og íþróttar og lesturs hins vegar.

Tónlist: Það að geta hreyft sig við stöðugan eða óstöðugan púls og hryn- og laglínu mynstur o.s.frv.

Íþróttir: Að þróa með sér grunnhreyfingu, að ganga, hlaupa, valhoppa og hoppa.

Tónlist: Getan til að þekkja mismunandi tónhæð, blæbrigði, hrynmynstur, nótnagildi, augnhreyfingar við að lesa orð.

Lestur: Að þekkja mismunandi samhljóð, orð, atkvæði, augnhreyfingar í lestri og söng.

Greinarhöfundur talar um margar leiðir sem kennarar geti farið í að samþætta tónlist við aðrar námsgreinar fyrir alla aldurshópa. Hann talar um að nota tónlist þegar fjalla á um einstök lönd til að auðvelda nemendum að setja sig inn í menningarheim þeirra. Þjóðlög viðkomandi landa eru upprunnin hjá fólkinu og endurspeglar umhverfið sem það lifir og hrærist í betur en mörg orð og hvernig það tjáir tilfinningar sínar. Hann talar um að semja tónlist við málshætti, ljóð og ný orð og finna hryn og form orðanna og tengja stærðfræðinni. Höfundurinn stingur upp á mörgu sem hægt sé að gera í hinum ýmsu námsgreinum sem of langt mál yrði að telja upp hér.

Höfundur segir að börn fáist ekki við þekkingu hlutaða niður í samfélagsfræði, stærðfræði o.s.frv. úti í hinum stóra heimi og því ætti ekki að aðgreina námsgreinar í grunnskólanum heldur samflétta þær þar sem námsmarkmiðin eiga samleið. Í mörgum tilfellum veitist börnum þá auðveldara að ná markmiðunum. Börn hugsa ekki í "kössum" og það tefur einungis fyrir náminu ef kennararnir fara að leggja ósýnilegar hindranir milli námsgreina til að halda þeim aðgreindum.

Þetta námsefni hefur mikinn sveigjanleika og gefur tækifæri til að finna viðfangsefni sem byggja á styrkleikum hvers og eins nemanda.

Jean Piaget (1896-1980) var svissneskur sálfræðingur. Hugmyndir Piaget um félagslega hugsmíðahyggju (social constructivism) þróuðust í kjölfar vísindalegrar rannsóknar kringum 1970 sem leiddi í ljós að félagsleg samskipti höfðu áhrif á vitsmunabroska einstaklingsins. Sýndi þessi rannsókn að félagsleg samskipti höfðu við viss skilyrði jákvæð áhrif á árangur einstaklinga. Þessi nálgun var upphaf félagslegrar hugsmíðahyggju (socio-constructivist approach). Piaget segir að lærdómur og skilningur sé virkt ferli og þekkingin árangurinn af því sem við fáumst við. Hann segir að börn þurfi að fást við viðfangsefni á hlutbundinn hátt og vitræn hugsun þeirra þróist frá hinu einfalda til hins flóknara með því að rannsaka umhverfið með áherslu á uppgötvunarnám og með því byggja ofan á fyrri

reynslu og skilning. Ef nemandinn sé virkur og fái fjölbreytt viðfangsefni að leysa þrói hann og þroski vitsmunáþroskann (Pound, 2005). Ein af meginhugmyndum Piaget um hugarstarfsemi barna var að vitrænn þroski skiptist í fjóra skylda eða tengda flokka (Shaffer, 2002: 221-242):

- *Skynhreyfistig 0-2 ára.* Ungabarnið flokkar umhverfið t.d. fólk, liti, lögun, dýr og hluti, stærð, stöðu o.s.frv. Þá er eðlilegt að skoða hljóð í umhverfinu, hvaðan þau koma og hvernig þau eru: há, lág, stutt, löng, veik, sterk, gróf, mjúk o.s.frv.
- *Foraðgerðarstig 2-7 ára.* Þetta stig skiptist í tvö undirstig:
- *Forhugtaksstig 2-4 ára.*
- *Innsæisstig 4-7 ára.* Þá verður ýmis vinna með ásláttarhljóðfæri og hristur í samskiptum við aðra á leikskólum í söng, hreyfingu og dansi skemmtileg félagsleg athöfn, þar sem ljóð, hrynur, hraði og blæbrigði er þjálfað.
- *Stig hlutbundinna aðgerða 7-11 ára.* Þá er barnið í grunnskóla og það fæst við samþættingu tónlistarinnar við aðrar námsgreinar og hlustar á fjölbreytta tónlist frá ýmsum menningarheimum og tengir við aðra vitneskju sína. Það notar ýmis skólahljóðfæri og hljóðgjafa og vinnur sjálfstætt og í hópavinnu með félögum með grunnþætti tónlistarinnar s.s. hryn, laglínu, hljóm, hraða, blæ, form, lengd o.s. frv. í söng, hljóðfæraleik eða sem leikhljóð í skapandi starfi.
- *Stig formlegra aðgerða, 11 ára til æviloka.* Þegar barnið fer að fást við óhlutbundin fyrirbæri, setja fram tilgátur og máta þær við hugmyndir annarra. Þá hefur barnið öðlast á skólagöngu sinni víðtæka tónlistarreynslu í markvissu samþættu námi þar sem tónlist er í hávegum höfð. Barnið hefur þróað með sér tónlistarþekkingu og tónlistarsmekk sem gerir því kleift að vera tónlistarnjótandi eða þátttakandi með getu til að taka lærða afstöðu í að velja og hafna.

Í þessu námsefni eru nemendur hvattir til að fáist við fjölbreytt hlutbundin verkefni og með því þróa vitræna hugsun.

John Dewey (1859 – 1952) var bandarískur heimspekingur og menntafrömuður, andstæðingur vísindahyggjunnar og lagði áherslu á uppgötvunarnám barna, nauðsyn skapandi hugsunar, þar sem lýðræði, frelsi og agi helst í hendur. Lykilatriði í hugmyndum hans tengjast þroska, áhuga, virkni, reynslu, uppgötvun og upplifun barnanna „Að læra af reynslu“ (learning by doing) (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 57). Dewey leit á kennslustofuna sem smækkaða mynd af samfélaginu og stofnaði sjálfur

skóla þar sem þessi gildi voru höfð að leiðarljósi. Dewey segir að menntun spretti af örvun sem börnin verði fyrir og kröfum þjóðfélagsins sem barnið hrærist í. Styrkleiki og eðlishvöt barnsins sé ráðandi í öllu námi sem fram fer allt lífið út í gegn og sé ferli í lífinu en ekki undirbúningur fyrir lífið. Dewey segir að upphafsins sé að leita í fjölskyldunum síðan sé það skólans að víkka og dýpka þekkingu barnanna og styðja þau í að verða gegnir þjóðfélagsþegnar og hafa áhrif á að laga þjóðfélagið að sínum hugmyndum.

Í augum Dewey á kennarinn að búa yfir góðri almennri þekkingu, þekkja nemendur sína vel, vera viljugur að auka við þekkingu sína og fylgjast með nemendum og skipuleggja kennsluna í framhaldi af því. Hann vill að nemendur, auk þess að njóta námsins, fái að þróa áhugamál sín með tilliti til aldurs og þroska og fái verkefni við hæfi sem auki skilning þeirra og tilfinningu fyrir umheiminum.

Tónlistarupplifun er mjög persónuleg og þroskandi og uppgötvun hennar vekur áhuga og gerir nemendur virkari og hvetur þá til skapandi hugsunar og tjáningar t.d. með að dansa við tónlistina eða búa til nýja tónlist við eigin ljóð með hreyfinu til að túlka hughrif byggð á grunnþáttum tónlistarinnar.

Kenningar *Vygotsky* (1896 – 1934) sem var sovéskur lögfræðingur, sálfræðingur og kennari ganga út á hugsmíðahyggju, félagslegt samspil umhverfis, menningar og einstaklingsins. Hann hlaut ekki formlega sálfræðimenntun en var hugfanginn af því hvernig börn tileinkuðu sér fróðleik. Hann taldi menningu eiga stærstan hluta í þroska barna. *Vygotsky* taldi félagslegt samspil grundvallaratriði í vitsmunarþroska einstaklingsins og nám vera víxlverkun t.d. milli nemenda kennara og foreldra. Hann taldi að börn læri af þeim sem eldri eru, kennarinn þurfi því að skapa frjótt félagslega hvetjandi námsumhverfi (Pound, 2005, bls. 39-41). *Vygotsky* telur tungumálið vera grunn hugsunar, þegar börnin hafa lært tákni tungumálsins yfir hlutina þá geti þau hugsað þá í hlutverkaleik. Í *Byrjendalæsinu* er unnið með tákni íslenskunnar og í tónlistinni á sama hátt með nótur og tákni og lestraráttin er sú sama þannig hvort um sig styður hitt og getur fléttast saman í túlkun og tjáningu í hlutverkaleikjum. Mál og hugsun verða til í félagslegu umhverfi. Tungumálið og á sama hátt tónlistin verður brúin á milli einstaklings og umhverfis. Margir nemendur sem eiga erfitt með að tjá sig með málinu (íslenskunni) t.d. nýbúar ná að blómstra í tónlistinni því hún er alheimstungumál. Þar skapast oft grunnurinn að því að vera þátttakandi í skólaskölinni og byggja upp sjálfstraustið til að takast á við nýtt tungumál. *Vygotsky* telur að þykjustu- og hlutverkaleikur séu börnum mikilvægur þar sem þau þjálfast í honum óhlutbundna hugsun. Í leiknum verði börnin meðvituð um reglurnar sem ríkja í þjóðfélaginu og eru á hærra stigi í leiknum en í raunveruleikanum þar sem þau geti prófað sig áfram í leiknum.

Vygotsky talar um svæði mögulegs þroska (Zone of Proximal Development) það svæði sem er milli getu barns sjálfs til að leysa verkefni á eigin spýtur og þess að fá aðstoð frá kennara við að leysa verkefni. Tónlistin er hluti menningar hvers barns og styður við þroska þess, þess vegna er mikilvægt að hver kennslustofa endurspegli menningu hvers einstaks barns í tónlistarupplifun barnanna sem hóps (Greata, 2006).

Hér að ofan hefur verið tæpt á helstu kennsluaðferðum og hugmyndasmiðum sem hafa leitt tónmennta- og tónlistarkennslu á Íslandi undanfarna áratugi og verið uppistaða í menntun margra starfandi tónlistarmanna. Kennsla litast alltaf af því hver kennarinn er, bakgrunni hans og viðhorfum og hvað hentar nemendahópnum á hverjum tíma. Aðalatriðið er að kennarinn sé opinn fyrir nýjum straumum og stefnum, samstarfsfús í skólasamfélaginu og nýti sér það besta úr þeim kennsluaðferðum sem hann hefur á valdi sínu sem henti þörfum nemenda hverju sinni. Þetta hefur verið haft að leiðarljósi við þessa námsefnisgerð.

4 Viðtöl við tvo umsjónarkennara á yngsta stigi og skólastjórnanda um námsefnið, viðhorf og ábendingar

Ákveðið var að fá tvo umsjónarkennara á yngsta stigi sem ekki hafa tónlistarbakgrunn til að skoða námsefnið og koma með ábendingar í þá átt að gera það aðgengilegra fyrir þá til notkunar inn í bekk án þess að þurfa aðstoð tónmenntakennara sé hann ekki starfandi við skólann. Síðar bættist skólastjórnandi í hópinn sem lýsti yfir áhuga sínum á efninu.

4.1 Aðferðafræði

Hér verður sagt stuttlega frá þeirri rannsóknaraðferð sem beitt var og framkvæmd hennar, aðdraganda, skráningu gagna og úrvinnslu þeirra og greiningu. Einnig verður sagt frá úrtaksaðferð, vali þátttakenda, tilgangi með rannsókninni og siðferðileg álitamál og samþykki þátttakenda.

4.2 Rannsóknarsnið

Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð, óstöðluð (e. unstructured, in-depth) einstaklingsviðtöl. Rannsakandi réði umræðuefninu sem í þessu tilfalli var námsefnið og fóru umræðurnar fram á jafnréttisgrundvelli. Leitað var eftir áliti þátttakenda á námsefninu og leitað eftir sjónarmiðum þeirra og tillögum til að gera námsefnið sem aðgengilegast fyrir kennara sem ekki eru tónlistarmenntaðir, þannig að þeir geti notað efnið hjálparlaust. Viðtalsramminn var ekki í föstum skorðum. Í óstöðluðum viðtölum verða viðmælendur opnari fyrir hvor öðrum, virða og viðurkenna sjónarhorn hvors annars og báðir þurfa að leggja sig fram um að skilja það sem hinn segir, vera meðvitaður um eigin bakgrunn og virða bakgrunn viðmælandans.

4.3 Siðferðileg álitamál

Það er á ábyrgð rannsakanda að enginn skaðist við þátttöku í rannsókn sem þessari og því þarf að afla allra tilskilinna leyfa t.d. hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitafélaga og/eða skólastjórnendum og síðan ganga úr skugga um að allir viðmælendur séu þátttakendur af fúsum og frjálsum vilja og upplýstir um stöðu sína og réttindi á öllum stigum þátttökunnar.

Fjórar höfuðreglur siðfræði eru kenndar við sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti (Sigurður Kristinsson, 2003). Þátttakendur þurfa að veita rannsakanda upplýst og óþvingað samþykki, þ.e. að þeir viti hvað þeir eru að samþykkja. Einnig eiga þátttakendur að geta treyst því að þátttakan sé þeim skaðlaus og jafnvel geti hún orðið þeim til hagsbóta og ávinnings.

4.4 Um val á viðmælendum og viðtöl

Viðtölin verða tekin upp að gefnu leyfi viðmælenda og síðan færi í ritað form. Viðtölin voru opin og úrtak viðmælenda var valið með hentugleikaúrtaki (e. convenience sampling) það er að segja rannsakandi valdi viðmælendur. Viðtölin fóru fram auglitis til auglitis. Öll viðtölin voru tekin upp eins og áður sagði og skráð strax að þeim loknum. Rannsakandi sá til þess að viðtölin færu fram þar sem viðmælandi var á heimavelli þ.e. á vinnustað og andrúmslofið var frjálst og afslappað þannig að viðmælandinn naut sín í viðtalinu. Rannsakandinn reyndi að vera sem hlutlausastur í viðtalinu og hélt sig til hlés og vann úr niðurstöðunum eins heiðarlega og honum var unnt.

Annar kennarinn sem varð fyrir valinu er einnig leikskólakennari og með áratugalanga kennslureynslu á báðum skólastigum og í fleiri skólum. Ég kys að kalla hana Gunnu. Hinn kennarinn sem verður kallaður Jón er yngri kennari með átta ára kennslureynslu bæði á yngsta- og miðstigi. Skólastjórnandinn verður kölluð Anna og er með langa kennslu- og stjórnunarreynslu bæði í skólakerfinu og öðrum vettvangi á nokkrum stöðum á landinu.

4.5 Viðtölin

Í viðtölunum sem fóru fram í skólum viðkomandi bað ég þau að vera ekki feimin við að gera athugasemdir að öðru leyti gaf ég þeim frjálssar hendur að tjá sig. Gunna lýsti yfir ánægju sinni með námsefnið og taldi það auðskilið og afar notendavænt. Hún gerði stutta tilraun með efnið í fyrsta bekk og það kveikti um leið áhuga nemenda. Strax við fyrsta hlustunardæmið spunnust umræður. Nemendur sýndu viðbrögð við hljómfalli tónlistarinnar og létu í ljós tilfinningar sínar gagnvart því sem þeir heyrðu sem í þessu tilfelli var *Flug býflugunnar*. Flestir lifðu sig strax inn í heim flugunnar meðan heyrðist frá einu barni „Þetta eru bara fiðlur, já og líka selló“. Gunna var ánægð með uppsetninguna og sagði hana skýra og auðvelt að fylgja henni. Hún ætlar að tilraunakenna úr námsefninu fram á vorið.

Jón byrjaði að tilkynna að hann væri alveg fatlaður í tónlist og það væri einmitt eitthvað svona sem hann þyrfti ef hann ætti að hætta sér út í eitthvað tónlistartengt. Hann sá ekkert í fyrstu yfirreið sem hann gæti bent á að hann vildi hafa öðruvísi. Jón lét í ljós að honum finndist ótrúlega mörg tónðæmi úr að velja t.d. við „Komdu og skoðaðu“ bækurnar þar sem titill bókanna tengdist ekki augljóslega tónlist. Hann bað um að fá að tilraunakenna úr námsefninu í öðrum bekk fram til vors og var með ánægju orðið við því.



Anna sem er með framhaldsmenntun í upplýsingatækni og mikill áhugamaður um margmiðlun í kennslu. Hún taldi þarna komið mikið efni sem gæfi óþrjótandi möguleika til að þróa í allar áttir og raunar tilbúið í hendurnar á sérfræðingum í margmiðlun. Hún sagði að námsefnið ætti heima á vef t.d. Námsgagnastofnunar og/eða sem smáforrit (e. app) í spjaldtölvur. Einnig taldi hún gott að það væri líka hæft til útprentunar fyrir þá sem það hentaði t.d. verkefni. Anna benti á að e.t.v. væri gott að útbúa stjórnur fyrir sjálfs- eða jafningjamat nemenda svo og blað til að hjálpa nemendum að halda utan um fengnar stjórnur og var brugðist við því og fylgir nú hverju hefti.

Það er ljóst að viðmælendurnir hafa ekki haft mikinn tíma til að nota námsefnið og án efa geta þau komið með fleiri ábendingar eftir lengri notkun þess. Vænti ég áframhaldandi samstarfs við þau og e.t.v. fleiri næsta skólaár eigi án efa eftir að bæta og aðlaga námsefnið betur þeim sem það er ætlað að þjóna.

5 Umræður

Nýlegar rannsóknir hafa bent til þess að tónlist í skólastofunni auki hjálpssemi og samvinnu nemenda við að leysa verkefni og auki ánægju þeirra af skólastarfinu og fleiri finni sig þar á heimavelli sem endurspeglar í jákvæðari skólabrag (Kirschner & Tomasello, 2010; Davies, Ohi, & Manyande, 2013; Eerola, & Eerola, 2013). Það er augljóst að tónlist á víða erfitt uppráttar í grunnskólakerfinu sér í lagi úti á landi (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008) og mikilvægt sé að þróa nýja kennsluhætti með ákveðnari stefnumörkun til að sporna við stöðnun (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013). Margt kemur þar til, bæði tónmenntakennara skortur, sérstaklega úti á landi, einnig aðstöðuleysi sem fylgifiskur fjárskorts en einnig viðhorf sem lengi hefur verið viðloðandi á Íslandi að tónlist sé ekki alvöru námsgrein heldur fremur til skemmtunar og því beri að munda niðurskurðarhnífinn þar fyrst þegar þrengir að. Því miður kemur þetta ekki á óvart því tónmenntakennsla hefur svo lengi verið víða í molum og augljóslega erfitt fyrir þá sem ekki hafa alist upp við tónmenntakennslu á sínum æskuárum að sjá nauðsyn hennar þegar þeir hinu sömu hafa sest í skóla- eða sveitarstjóra sætið.

Með aukinni almennri tæknivæðingu eru börn allt niður í tveggja til þriggja ára gömul farin að sitja með spjaldtölvur og eru ótrúlega sling í að leika tölvuleiki og sækja sér fræðsluefni sem hentar þeirra aldri og framkvæma og upplifa ótrúlega hluti í smáforritum. Þetta hlýtur að kalla á breytta nálgun námsefnis. Bakken-Hauge (2000) talar um breytt hlutverk tónlistar í nútíma þjóðfélagi þar sem tónlist frá öllum heimshornum er aðgengileg á netinu allan sólarhringinn en oftast í formi bakgrunnshlustunar. Hann telur mikilvægt að auka skilning nútíma fólks á mikilvægi tónlistar fyrir einstaklingana og þjóðfélagið. Til að skilja tónlist þarf að upplifa hana eins og kennslufræðingar, eins og Dewey, Piaget og fleiri hafa hamrað á „Learnig by doing“ eða „að læra með því að framkvæma“. Hann segir skilning, upplifun og sköpunarkraft nemenda sameinast í tónlistinni. Markmið tónmenntakennslu er að nemendur séu virkir þátttakendur og fái að upplifa (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013). Umsjónarkennarar treysta sér margir hverjir ekki til að taka tónlistina hjálparlaust um borð í bekkjarkennsluna en þar sem það er gert hefur það haft góð áhrif á skólabraginn. Í námsefni mínu hef ég reynt að safna saman fjölbreyttu söng- og hlustunarefni og tengja það lestrarnáminu á grunni „Byrjendalæsis“ og náttúru- og samfélagsfræði bókunum *Komdu og skoðaðu* með tenglum á hlustunarefnið á *youtube* og fróðleiksmolum um

hlustunarefnið fyrir kennara til að miðla til nemenda merktu  og hugmyndum af tónlistarlegum viðfangsefnum merktum  til að tengja saman efnið og gera nemendur virka þátttakendur. Efnið hvílir svo á grunnþáttunum sex (læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun) sem reynt er að flétta inn í viðfangsefnin. Öll hlustunardæmi eru með tengil á *youtube* og sum sönglögin. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru *Syngjandi skóli* undirleikur eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á *nams.is*; ** bókin *Söngvasafn Ef væri ég söngvari* eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á *tonlist.is* gegn gjaldi. Söngefni Námsgagnastofnunar *Syngjandi skóli* er vandað og tilvalið að nota með öðru í samþættingu svo og *Ef væri ég söngvari* efni Ragnheiðar Gestsdóttur.

Komdu og skoðaðu bækurnar eru 15 og koma víða við. Námssefninu fyrir hverja bók er skipt í mismargar og langar lotur í anda „Byrjendalæsis“ og söng- og hlustunarefninu sem á einhvern hátt tengist umfjöllunarefninu blandað með. Kennarar velja úr því, þar sem of mikið er að taka allt. En þar sem *Komdu og skoðaðu* bækurnar eru þannig hugsaðar að hægt sé að nota þær í fyrsta til fjórða bekk, en kafa mis djúpt í efnið eftir aldri og þroska nemenda, gefst tækifæri til að nota söng- og hlustunarefnið síðar sem ekki var notað í fyrstu yfirferð bókanna. Söngtextar fylgja með og eru þeir með fremur stóru lettri þannig að hægt sé að varpa því á töflu til að allur bekkurinn sjái og vinna með textann þar t.d. strika undir sérhljóða o.s.frv.

Efnið hentar vel til einstaklingsmiðaðrar kennslu t.d. í anda Tomlinson (1999) þar sem hægt er að taka tillit til mismunandi áhuga, þroska og námsstíla nemenda með mismunandi skipulagi og kennsluaðferðum s.s. með því að taka tillit til fjölgreinda, koma til móts við áhugasvið, nota ítarefni, einstaklingsvinnu, heimavinnu og misstóra og fjölbreytta samsetningu vinnuhópa til að allir fái áhugaverð og krefjandi verkefni við hæfi. Námssefninu er ætlað að þjóna bæði umsjónarkennurum með litla eða enga tónlistarþekkingu að baki jafnt og tónmenntakennurum sem taka þátt í samþættu bekkjarstarfi. Í könnun Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2013) láta tónmenntakennarar í ljós löngun til meira samstarfs við umsjónarkennara og að fleiri en einn tónmenntakennari starfi við hvern skóla sem ætti að vera hægt ef þeir starfa að hluta inn í bekkjum. Námsefnið ætti að þjóna öllu þremur gerðum samþættingar: Fyrsta skrefið til samþættingar er tenging (e. connected) þegar tengdar eru saman námsgreinar, þ.e. ein námsgrein þjónar annarri. Tónlist er þá t.d. notuð í þemavinnu án þess að bent sé á tónlistarleg atriði og þjónar því aðeins hinni námsgreininni, gerir hana skemmtilegri t.d. með sönguppbroti. Næsta skref er samtengd nálgun (e. correlated) þá skarast námsgreinarnar að einhverjum hluta sem þjónar

þá jafnt báðum námsgreinum. Full samþætting (e. integrated) er svo þegar ákveðin hugmynd eða efni er skoðað út frá mörgum námsgreinum samtímis og allar hafa jafnt vægi (Snyder, 2001). Efnið er það sveigjanlegt að það ætti að henta öllum þremur stigunum og hjálpa þeim sem eru að fíkra sig áfram í átt til samþættingar.

Viðmælendur mínir hafa allir látið í ljós áhuga á efninu og báðir kennararnir hafa verið að tilraunakenna hluta þess á vormánuðunum og hefur góður rómur verið gerður að námsefninu af nemendum og óskir komið fram um áframhaldandi notkun þess næsta vetur.

6 Lokaorð

Tónlistin lifir með okkur og enginn dagur líður án þess að hún sé í snertingu við okkur. Hún lifir í hljómfalli, tónhæð og blæbrigðum orðanna sem við tölum og hrynurinn eða takturinn í öllum okkar hreyfingum og fasi. Þannig smýgur tónlistin inn í orð okkar og æði í öllu skólastarfi meðvitað eða ómeðvitað.

Það er sannfæring mín að samþætting tónlistar við annað nám sé æskileg og að við séum nú komin að þáttaskilum eins og þegar söngkennsla breyttist í tónmenntakennslu. Það er óskandi að tónmenntakennarar taki í framtíðinni aukinn þátt í samþættingu við aðrar námsgreinar öllum námsgreinum til framdráttar. Það ætti að skila nemendum markvissara námi sem tengist þjóðfélaginu betur utan veggja skólanna því þar skiptist lífið ekki í námsgreinar heldur myndar eina heild og ætti því námið í skólunum einnig að vera ein heild. Margar nýlegar rannsóknir styðja það að tónlist hafi bætandi og hvetjandi áhrif bæði félagslega og námslega og skili okkur fjölbærari, ánægðari og jákvæðari nemendum sem geti látið fagmannlega til sín taka út í þjóðfélaginu sér og samborgurunum til gagns og ánægju.

Með þessu námsefni vona ég að fleiri bekkjarkennarar finni sig í að samþætta tónlist daglegu bekkjarstarfi. Reynt hefur verið að koma til móts við grunnþættina sex í nýrri Aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) með tillögum að vinnulotum þar sem móðurmál og tónlist tengist náttúru- og samfélagsfræði á grunni „Byrjendalæsis“. Nemendur eru hvattir til að nálgast viðfangsefnið í skapandi vinnu einstaklingslega eða í hóp og sýna ábyrgð í vali sínu á viðfangsefnum og vinnuframlagi og meta störf sína og félaganna með sanngjörnu einstaklings- og jafningjamati.

Heimildaskrá

Ary, D. (2010). Introduction to Research in Education (bls. 559). Ástralía:

Wadsworth.

- Akker, J. J. H. van den. (2003). Curriculum Perspectives: an Introduction. Í J. Van den Akker, W. Kuiper og U. Hameyer (ritstj.), *Curriculum landscape and trends* (bls. 1-9). Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Andri Ísaksson (1983). Námskrárgerð og námskrárfræði. Í Sigurjón Björnsson (ritstj.), *Athöfn og orð: Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni átttræðum* (bls 25-44). Reykjavík: Mál og menning.
- Bakken-Hauge, T. og Christophersen, C. (2000). Rytmsk musikkpedagogikk i grunnskolen. Bergen: Fagbokforlaget.
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Berthelsen D. og Walker S. (2008). Parents' involvement in their childrens education [Vefútgáfa]. *Family Matters*, 79, 34-41.
- Booth, R. og O'Brien, P. J. (2008). An Holistic Approach for Counsellors: Embracing Multiple Intelligences. *International Journal of Advanced Councelling*, 30, 79-92. Sótt 2. Desember 2013, frá gagnasafninu Springer Science.
- Bjorkvold, J.-R. (1993). *Det musiske menneske*. Oslo: Freidig Forlag.
- Choksy L. (1974). *The Kodály Method Chomprehensive Music Education From Infant To Adult*. New Jersey: Prentice-Hall Inc.
- Davies, R., Ohl, M., og Manyande, A. (2013). *Making Music May Improve Young Children's Behavior*. The British Psychological Society [óbirt rannsókn].
- Eisner, E. W. (2002). *The Art and the Creation of Mind*. New Haven, London: University Press.
- Eisner, E. W. (2004). Preparing for today and tomorrow. *Educational Leadership*, 61(4). Sótt 24. október 2012 frá: <http://www.ascd.org/publications/educational-leadership/dec03/vol61/num04/prepating-for-Today-and-Tomorrow.aspx>
- Eerola, P. og Eerola, T. (2013). Extended music education enhances the quality of school life. *Music Education Research*, 1 DOI: 10.1080/14613808.2013.829428.

- Fraze J., og Kreuter, K. (1987). *Discovering Orff*. New York: Schott.
- Gestur Guðmundsson (2012). *Félagsfræði menntunar*, önnur útg. Reykjavík: Skrudda.
- Greata J. (2006). *An Introduction to Music in Early Childhood Education*. (bls. 55). Ástralía: Thomson.
- Hall, S., og Robinson, N. (2012). Music and reading: finding connections from within. *General Music Today*.
- Helga Rut Guðmundsdóttir (2008). *Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólustjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum*. Tímarit um menntarannsóknir, 5-2008, (63-76). Reykjavík.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Útbreiðsla tónmenntafræðslu, aðstæður og viðhorf. *Uppeldi og menntun*, 2, 37-54.
- Ingvar Sigurgeirsson (2011). *Litróf kennsluáðferðanna*, (bls. 136-140). Reykjavík: Iðnú.
- Jacobi, B. (2012). Kodály, Literacy, and the Brain Preparing Young Music Students to Read Pitch on the Staff. *General Music Today*, 2(25), 11-18. Sótt 5. September 2013 af: <http://gmt.sagepub.com/content/25/2/11.full.pdf+html>
- Jensen, E. (2000). *Music with the brain in mind*. Kalifornía: Corwin Press.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.). *John Dewey í hugsun og verki- menntun, reynsla og lýðræði*, (bls. 57). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kalani (2004). *Together in Rhythm*. (bls. 8 -15). Los Angeles: Alfred.
- Kirschner S. og Tomasello M. (2009) Joint drumming: social context facilitates synchronization in preschool children. *Journal of Experimental Child Psychology*, 102, 299–314. Sótt 12. nóvember 2013 af: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0022096508001045>.
- Kirschner S. og Tomasello M. (2010) Joint music making promotes prosocial behavior in 4-year-old children. *Evolution and Human*

- Behavior*, 354-364. Sótt 10. október 2013 af: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1090513810000462>.
- Lichtman, M. (2010). *Qualitative research in education: A user's guide (2. útgáfa)*. London, Singapore: Sage Publication.
- Lilja M. Jónsdóttir (1996). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Lundy, M. (2010). *Quadrivium number geometry music heaven*. UK: Wooden Books.
- Lög um námsgögn nr. 71/2007.
- Manford, R. (1997). *Correlating Music with other Subjects in the Elementary School*. *The African Music Educator*, 9(12). Sótt 23. október 2012 af: www.scientificafican.org/sciafr/.../musiceducator/no9/.../at_download...
- Marsh, C. J. og Willis G. (2003). *Curriculum. Alternative Approaches, Ongoing Issues*. New Jersey: Merrill Prentice Hall.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti*. Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið.
- Olsen, E. og Hovdenak, S. S. (2007). *Musikk muglighetenes fag*. Bergen: Fagbokforlaget.
- Pound, L. (2005). *How children learn* (bls. 21-22; 39-41; 47-49; 63-66). London: Step Forward Publishing Limited.
- Rósa Eggertsdóttir (2010). *Byrjendalæsi Handraði* (bls. 7-9). Akureyri: Miðstöð skólapróunar Háskólinn á Akureyri.
- Saville, K. (2011). *Strategies for Using Repetition as a Powerful Teaching Tool*. *Music Educators Journal*, 98(1), 69-75. Sótt 5. september 2013 af: <http://mej.sagepub.com/content/98/1/69.short>.
- Schnebly-Black, J. og More, S. F. (2003). *The Rythm inside: Connecting Body, Mind and Spirit through Music*. USA: Alfred Publishing Co., Inc.
- Shaffer, D. R. 2002. *Developmental psychology: childhood and adolescence*. Sixth Edition. USA: Wadsworth Thomson Learning.
- Sigurður Kristinsson (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigurður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í*

aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum (bls. 163).
Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Snyder, S. (2001). Connection, Correlation, and Integration. *Music Educators Journal*, 87(5). Sótt 14. janúar 2014 af:
<http://www.jstor.org/discover/10.2307/3399706?uid=3738288&uid=2&uid=4&sid=21103780430983>.

Suzuki, S. (1969). *Nurtured by love*. New York: Exposition Press.

Tomlinson, C. A. (1999). *The Differentiated Classroom: Responding to the Needs of All Learners*. Alexandria, USA: ASCD.